

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

DESEMBER 2012

12. tbl. 19. árg.


S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6


Sveinsbakari
Hólagarði og
Arnabakka



Jólin hafa löngum verið hátíð barnanna og í annarri viku desember eru mörg þeirra komin í jólaskepp eins og þessi fallega mynd sem Katrín Kristín tók í Hólabrekkuskóla sýnir.

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga


Frumherji
Bífreiðaskoðun
Dalveg 22 • Kóp
Sími 570 9090
www.frumherji.is


**PANTAFU
Á NETINU**
www.dominos.is sími 58 12345



Óskum eftir eignum á söluskrá í Breiðholti!

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur íbúðir í Breiðholti á söluskrá okkar. Óskað er bæði eftir íbúðum í fjölbýlis- og eins einbýlum og par- og raðhúsum. Sérstaklega óskum við eftir 3ja og 4ra herbergja íbúðum. **Hafið samband og við skoðum og sölumetum samdægurs, án kostnaðar og skuldbindinga.**

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali, gsm 699-3444
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali, gsm 895-1098

Sími 530-6500

Suðurlandsbraut 22 • www.heimili.is


heimili
FASTEIGNASALA

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI



Apótekið
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Allt í jólamatinn!

**Pín verslun**
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Jólaostar frá MS
í úrvali



Forrréttir í
miklu úrvali.



Fjallalambs Hangilæri
með beini 1.998 kr./kg.

Nóa Konfekt 1 kg.
2.598 kr.

Ódýr Hamborgarhryggur
1.298 kr./kg.
(frosinn)



Lindu konfekt
600 gr.
1498 kr.



Hangiframpartur með
beini 1.298 kr./kg.

Coke cola pakkinn
4 Saman 2 lítra 798 kr. og
Jólanammi fylgir frítt með.

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

12. tbl. 19. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Íbúalýðræði og hverfastjórnir

Éf Breiðholtið væri sjálfstætt sveitarfélag væri það fjórða stærsta sveitarfélagið á Íslandi. Um 20. 600 manns búa í Breiðholti sem er fjölmennasta byggð landsins á eftir Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Akureyri sem er langfjölmennasta byggðin utan höfuðborgarsvæðisins er í fimmta sæti með rúmlega 18 þúsund íbúa og þar á eftir kemur Garðabær að viðbættu Álfanesi.

Þetta er minnst vegna þess að undaförnu hafa farið fram umræður í landinu um aukið íbúalýðræði á sama tíma er rætt um nauðsyn þess að sameina sveitarfélög og höfuðborgarsvæðið er þar ekki undanskilið.

En hvernig er hægt að sameina þau markmið að sameina sveitarfélög og auka á sama tíma áhrif íbúa á ákvarðanatöku. Það er hægt að gera með því að mynda hverfaeiningar sem hefðu, nokkra sjálfstjórn, ákveðin fjárráð og verkefni. Hverfaeiningar þar sem kosið yrði til hverfastjórna jafnhliða almennri kosningu í aðalsveitarstjórn.

Umræður um breytta skipan sveitarfélaga og aukið íbúalýðræði hafa enn ekki náð því stigi að farið sé að ræða kosti sem þessa af alvöru. Nokkuð hefur verið reynt að auka íbúalýðræði innan borgarinnar en spurning er um hversu vel slíkar aðgerðir hafa heppnast.

Írindi sem Þorleifur Gunnlaugsson varaborgarfulltrúi hélt á aðalfundi íbúasamtakanna Betra Breiðholts kvað hann svo að orði að hverfisráðin, sem komið hefur verið á fót í Reykjavík væru í raun stofnanir án ákvörðunarvalds og fjármálaegra tengsla við borgarstjórn. Á sama fundi spunnust umræður um hverjir raunverulega réðu í borginni og af hverju embættismönnum liðist að taka aftur og aftur fram fyrir hendur kjörinna borgarfulltrúa um ýmsar ákvarðanir.

Í stærri stjórnsýslueiningum er fjarlægðin á milli fólksins og kjörinna fulltrúa meiri og einnig er spurning um hvort þeir koma nema að takmörkuðu leyti að annarri ákvarðanatöku en stefnumörkun. Með svokölluðu flötu stjórnskipulagi sem sumstaðar hefur verið þróað eru smærri og miðlungsstórar ákvarðanatökur hreinlega færðar til embættismanna sem enginn hefur kosið.

Með virkum hverfastjórnnum sem væru kosnar í almennum kosningum og önnuðust um hluta verkefna borgarinnar væru margar ákvarðanir teknar nær íbúunum en annars. Margar ákvarðanatökur sem eru í raun í höndum embættismanna myndu færast til þeirra. Með kjörnum hverfastjórnnum væri unnt að nálgast kröfuna um aukið íbúalýðræði og skapa valddreifingu. En fólk þarf þá einnig að vera duglegt að láta heyra frá sér.

Bæði Breiðholtsþing og aðalfundur Betra Breiðholts voru haldin í liðnum mánuði. Aðsókn að viðburðum þar sem hlægt er að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og jafnvel að hafa einhver áhrif á ákvarðanatöku er of lítil. Augljóslega þarf að bæta boðleiðir þessara aðila. Það mætti gera með góðum heimasíðum og póstlistum. Breiðholtsblaðið gæti einnig lagt því máli lið.

Að svo mæltu óskar Breiðholtsblaðið lesendum gleðilegra jóla árs og friðar og þakkar samfylgt liðins tíma.

Virk og góð þátttaka í umræðum á Breiðholtsþingi



Skrafað og skeggrætt á öðru Breiðholtsþinginu í Gerðubergi.

Mjög virk og góð þátttaka var í umræðum og í hópverkefnum á þinginu þar sem horft var til framtíðar og rædd ýmis hjartans mál varðandi Breiðholtið. Efst á baugi voru málefni sem varða börn og unglinga, umhverfi og menningu. Þetta er annað Breiðholtsþingið sem efnt er til en hið fyrsta var haldið fyrr á þessu ári.

Í samantekt úr umræðum og hópstarfi á þinginu má fyrst geta um mikilvægi þess að huga betur að aðbúnaði og viðhaldi skóla- bygginga og skólalóða. Bent var á að lóð Breiðholtsskóla væri gömul og ekki örugg börnum. Þar væru slysa-gildir og átætlanir um endurnýjun lóðarinnar hafi ekki gengið eftir. Rætt var um að huga þurfi betur að umferðaröryggi allan hringinn frá Vesturbergi um Norðurfell, Suðurhóla og Austurberg og bent á að þar mætti binda hámarkshraða við kílómetra.

Ungmennahús í Breiðholti

Þinggestir töldu þörf á koma upp ungmennahúsi í Breiðholti með áherslu á virka þátttöku ungmenna og nýsköpun. Nýta mætti eitthvað af því húsnæði sem er til staðar í hverfinu. Í því sambandi væri mögulegt að þróa starfsemi í samstarfi við Miðberg, Þjónustumiðstöðina og FB. Í niðurstöðum Breiðholtsþingsins segir mikilvægt að börn geti stundað íþróttir án þess að foreldrar séu að skutla þeim fram og til baka. Bent var á að íþróttastarfi í hverfinu sé of dreift og komi jafnvel í veg fyrir þátttöku barna auk þess sem vankantar séu einnig á þjónustu íþróttastrætó og ferðir hans passi ekki nægilega vel við íþróttatíma barna.

Þá var rætt var um grunsemdir þess efnis að verið væri að leigja ólöglega út hús sem er í enda Vesturbergs. Þar sé mikil umferð fólks sem virðist eiga erfitt og þetta mál þurfi að skoða. Annað er varðar börn og rætt var á þinginu er þörf á að bæta er talþjálfun barna innflytjenda og barna með þroskafrávik og tryggja þurfi að þessi börn fái viðhlítandi þjónustu talmeinafræðinga. Einnig verði skoðaðar leiðir við að aldurs- og getuskipta börnum og að aldurs-skipting í bekk miðist ekki eingöngu við afmælisdag á alm-

anaksári auk þess að íþróttafélög viðhafi ekki getuskiptingu.

Heyrnarlausir ánægðir með félagsaðstöðuna

Fram kom á þinginu að heyrnalausir séu ánægðir með félagsaðstöðuna í Gerðubergi og að mikilvægt sé að fólk í samfélaginu hafi skilning á ólíkum forsendum þeirra sem fæðast heyrnalausir og þeirra sem verða heyrnalausir einhvertíma á lífsleiðinni. Lögð var áhersla á að tryggja þurfi öryggi heyrnalausra í samfélaginu. Heyrnalausir vilja vera í samfélagi með heyrandi, á vettvangi félagsstarfs og ferðalaga og þurfi að hafa aðgang að táknmálmálstúli.

Stuðla þarf að bættari umgengni

Í umhverfismálum var lögð áhersla á fyrirhuguð hjólabraut upp með Breiðholtsbraut verði látin liggja í brú yfir Breiðholtsbraut rétt austan Norðurfells í stað þess að hún verði lögð við skíðabrekkuna og í gegn um undirgöngin. Lokið verði við U laga malarstíg í kring um efra Breiðholtið. Hálkuvarnir verði bættar, sérstaklega í botnlöngum og

bröttum götum Mikilvægt sé að huga að bættum almenningsgögnum en hófs sé gætt í strætisvagnafargjöldum. Þá lagði þingið áherslu á að stuðla verði að bættari umgengni í Breiðholti. Bæta þurfi varnir gegn veggjakroti meðal annars með því að ungir listamenn myndskreyti ákveðna vegg. Þá verði lausaganga hunda tekin föstum tókum.

Undirheimar vannýttir

Í menningarmálum var bent á að húsnæði í Undirheimum sé vannýtt og mætti nýta fyrir ýmsa starfsemi. Þar sé aðstaða til myndvinnslu, upptökustúdíó, eða annað sem gæti jafnvel gefið af sér í aðra hönd. Fréttasetur gæti haft þar aðsetur sem myndi senda út jákvæðar fréttir úr Breiðholti. Bent var á að heilsuræktaraðstöðu vantar í Breiðholti. Einnig að tilvalið væri að setja upp golfvöll á Vatnsendahæð. Það myndi mæta óskum íbúa og gefa hverfinu jákvæða ímynd. Að lokum koma fram að efna ætti til Karnivals í hverfinu einu sinni á ári, sem myndi styrkja félagsauð og draga fram fjölbreytileika samfélagsins í Breiðholti.

StrigaPrentun

Verðdæmi á mynd
lökkud og tilbóin á blindramma

20x30	5.900kr.
30x45	6.500kr.
40x60	9.700kr.
60x90	14.600kr.
30x30	6.100kr.

myndval

Smáratorg 1 - s: 557 4070 - www.myndval.is

Taktu þátt í ET leiknum á endurvinnslutunnnan.is

Þú gætir unnið iPad mini





VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUAÐILAR Í MJÓDD

A - E

- Apótekarinn í Mjódd
- Augastaður Gleraugnaverslun
- Augnlæknastofan í Mjódd
- Bakameistarinn
- Biðskýlið í Mjódd
- Bowensetrið
- Breiðholtsblóm
- Brúðarkjólaleiga Katrínar
- Consello Vátryggingaráðgjöf
- Curves heilsuræktarstöð fyrir konur
- Dýraland
- Efnalaugin Björg

F - G

- Ferðapjónusta Fatlaðra
- Félagsheimili Sjálfstæðismanna í Breiðholti
- Fiskbúð Hólmgeirs
- Frú Sígurlaug
- Fröken Júlía

- Garnbúðin Gauja
- Gáski sjúkrabjálfun
- Gissur og Pálmi hf Byggingaverktakar
- Gleraugnabúðin í Mjódd
- GSC Öryggisþjónusta
- Gull-Úrið
- Gullsmiðurinn í Mjódd

H - L

- Hárgreiðslustofan Crinis
- Hárgreiðslustofan Möggurnar í Mjódd
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins - stjórnsýsla
- Heilsugæslan miðstöð heilsuverndar
- Heilsugæslan Mjódd
- Hjá Dóra matsala
- Hjálpræðisherinn á Íslandi
- Íslandsbanki
- Klassíski Listdansskólinn
- Landsamband vörubifreiðastjóra
- Landsbanki Íslands





- Lestrarmiðstöð, Auður B. Kristinsdóttir
- Linda kjóklaklæðskeri
- Litla Dótabúðin
- Lífsstill í Mjódd
- Lyfjaval
- Læknasetrið
- Læknasetrið
- Lögreglustjórinn í Reykjavík

M - R

- Miðstöð heimahjúkrunar
- Nemendapjónustan
- Nettó
- Penninn - Eymundsson
- Pizza
- Pósturinn
- Prinsessan
- Prinsinn
- Rannsóknarstofan í Mjódd
- Rauðakrossbúðin
- Röntgen Domus

S - Ö

- Símabær
- Sjúkrabjálfunin í Mjódd
- Snyrtistofan Pandora
- Strætó b.s
- Subway
- Svæðisfélagið í Mjódd
- Taflfélagið Hellir
- Tannlæknar Mjódd
- Tannlæknastofan
- Tölvur og gögn ehf
- Vefta tiskuvöruverslun
- Þjóðdansafélag Reykjavíkur
- Þjónustumiðstöð Breiðholts
- Öku- og vinnuvélaskólinn ehf
- Ökukennarafélag Íslands
- Ökuskólinn í Mjódd
- Öryggisvarðaskólinn



VIDTALIÐ

„... það var þetta sem mig vantaði að vita“

- spjallað við Guðmund Hauk tónlistarkennara í Breiðholti

Tónskóli Guðmundar lætur ekki mikið yfir sér. Hann er staðsettur á heimili stofnandans og aðalkennarans, Guðmundar Hauks Jónssonar, að Hagaseli 15 í Breiðholti en hefur þó verið starfræktur í rúm tuttugu ár og þjónað jafnt ungum sem hinum eldri. Kennst er á píanó, orgel, harmonikku, gítar og þverflautu og hafa margir stigið þar sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni. Guðmundur Haukur á að baki langan tónlistarferil, burt séð frá tónlistarkennslunni, og var meðal annars í hinum vinsælu hljómsveitum Roof Tops og Alfa Beta, sem allir miðaldra stuðboltar kannast vel við. Þá hefur hann aðstoðað marga við lagaútsetningar, nú síðast sprellfjöruga öldunga á Hrafnistu sem sendu lag inn í Evróvisjónsamkeppnina síðustu, en því miður hlaut það ekki brautargengi inn í forkeppnina.

Það er annars jólalegt um að litast þegar bankað er upp á hjá Guðmundi Hauki síðla nóvembermánaðar og ekki spillir fyrir að jólaglag hljómar úr kennslustofnunni. Ungur hljómborðsleikari er að æfa sig að spila Bráðum koma blessuð jólin og því er ekki úr vegi að hefja spjallið við tónlistarkennarann á jólaglegu nótunum og spyrja um uppáhaldsjólag hans.

„Ég á mörg uppáhaldslög og það fer eftir því fyrir hvern ég er að spila hvað efst er á listanum en ef ég á að velja eitt hér og nú þá er það Nú minnir svo ótalmargt á jólin vegna þess að ég gerði svo skemmtilega píanóútsetningu af því lagi. Ég spila alltaf á nokkrum jólaböllum ár hvert og þá eru þessi gömlu góðu lög sem sungin eru við jólatréð alltaf skemmtileg en það er reyndar umhugsunarvert hvernig sumir textarnir hafa brenglast í meðföllum þjóðarinnar en það er önnur saga.“

Framarlega í nútímavæðingu

Hvencær fékkstu áhuga á tónlist?

„Ég lærði á píanó í nokkur ár frá barnsaldri til unglingsáranna og algerlega eftir hinni gömlu klassísku hefð að ekkert mætti spila nema verkefni úr þýskum kennslubókum og alls ekkert eftir eyranu. Þetta hefur sem betur fer breyst og auðvitað er skólinn minn framarlega í nútímavæðingu tónlistarkennslu með einkunnarorðin frjálst og skemmtilegt.“

Þrískiptur í starfi um þessar mundir

Hvað olli því að þú fórst út í tónlistarkennslu og það með skólann sjálfan inni á heimilinu?

„Ég er grunnskólakennari að

mennt og kenndi íslensku í eldri deildum grunnskólans, sem reyndar hét gagnfræðaskóli þegar ég byrjaði kennslu. Það var í Vígólaskóla í Kópavogi. Sá skóli var svo lagður niður og Menntaskólinn í Kópavogi fékk húsnæðið. Ég hafði tekið að mér kennslu og stjórnun í Orgelskóla Yamaha um það leyti og kenndi þar í áratug eða svo en sneri mér þá að hljóðauglýsingagerð en þreift ekki í þeim geira. Ég stofnaði, í félagi við nokkra ágæta snillinga, m.a. útvarpsstöðina Stjórnuna sem endaði í gjaldþroti svo það var sjálfhætt. Þetta skipbrot varð til þess að ég ákvað að láta lítið fyrir mér fara og gera eitthvað upp á eigin spýtur þannig að ég auglýsti eftir nemendum og hóf kennslu í tónlistarherberginu heima haustið 1991. Það kom strax í ljós að þörf var fyrir svona tónlistarskóla og þó ég hafi í upphafi aðeins áætlað að kenna í 2 til 3 ár eru þau orðin rúmlega 20 en ég hef alltaf haft fleiri járn í eldinum því ekki er hægt að lifa af kennslunni einni saman. Ég hef verið viðloðandi hljóðfæraleik og söng frá 16 ára aldri í ýmsum hljómsveitum og þegar harðnaði á dalnum eftir hrúnið 2008 fækkaði nemendum og ég sá mér þann kost vænstan að finna mér enn einn starfsvettvanginn og haustið 2011 fór ég í Háskólann og lærði leiðsögn. Þetta var 60 eininga háskólanám og skrambi erfitt en hressandi fyrir sálartetrið því það kom í ljós að ég gat enn lært og útskrifaðist reyndar með ágætis einkunnir en sá skali hafði ekki verið mér sérstaklega hlíðhollur í námi mínu á fyrri tíð. Ég er því þrískiptur í starfi um þessar mundir.“

Frá Schubert til Twist and shout

Hverjar voru þínar fyrirmyndir á sínum tíma (og af hverju einmitt þær) og á hvers konar tónlist hlustar þú aðallega í dag?

„Ég hef alltaf hlustað töluvert á klassíska tónlist og á mér uppáhöld þar. Franz Schubert hefur t.d. fylgt mér frá barnæsku en seinna lærði ég að meta aðra meistara. Fyrsta hljómplatan sem ég eignaðist var Silungakvintettinn eftir Schubert sem mér finnst ennþá vera algert meistaraverk. Ég stalst til að æfa svolítið popp þegar ég var barn og eitt sinn fann ég í Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur útsetningu Carls Billich á Hreðavatnsvalsinum eftir Reyni Geirs, eða hvað hann þóttist heita, og æfði hann upp á eigin spýtur alveg hjálparlaust og kann enn. Ég dáðist að færni Billich eins og ég dái nú píanósnillingana Gunnar Gunnarsson og Davíð Þór þótt ólíkir séu. Á unglingsárum mínum greiptu önnur goð sig inn í líf mitt og þegar Bítarnir sungu Twist and shout var ekki aftur snúið. Ég hef verið að spila og syngja gamla rokkið og „nýja bítlið“ síðan og jafnvel svokallað graðhestarokk. Ég kynntist ungur brasilískri tónlist og Antonio Carlos Jobim er sígildur í mínum



Guðmundur Haukur Jónsson - tónlistarkennari af lífi og sál.

huga ásamt meisturum amerískrar sveiflu á borð við Ellu og Armstrong. Ég er samt ekki alæta á tónlist. Sumt nenni ég alls ekki að hlusta á en vil ekki ræða það neitt frekar.“

Allir með nótur fyrir framan sig

Þá aftur að tónlistarskólanum. Hvernig fer annars kennslan fram hjá þér og hafa orðið miklar breytingar á tónlistarkennslunni á undanföllum árum?

„Ég man að ég lagði upp með það að leiðarljósi að skólinn skyldi umfram allt vera fyrir nemendurna sjálfa, fyrir þarfir þeirra og væntingar. Í upphafi notaðist ég við bækur sem aðrir höfðu gert en ég var mjög duglegur að spila inn á tölvuna mína lög og æfingar. Þetta get ég prentað út og í árána rás hefur orðið til gagnabanki af kennsluefni með yfir 800 lögum, m.a. margar píanóútsetningar en einnig buskera-útsetningar þar sem nemandinn fær bara laglínu og hljóma, þ.e. beinagrindina, og á sjálfur að setja kjöt á beinið. Öll verkefni sem ég set fyrir nemendur hef ég sjálfur spilað inn á tölvuna og prentað út nema sum verkefni í klassíska geiranum. Allir nemendur eru því með nótur fyrir framan sig enda þótt sumir af eldri nemendum verði seint hraðlæsir á þær. Það komast allir að því að það er

ákveðið öryggi í því að hafa þetta skráð fyrir framan sig jafnvel þegar við erum að læra að spila eftir eyranu. Flestum gengur reyndar ágætlega að læra að lesa. Það er mjög þroskandi að stunda tónlistarnám og það á við um alla, jafnt unga sem gamla og það er aldrei of seint að byrja. Lærir á meðan lifir. Vikkar sjóndeildarhringinginn.“

Með frábæra gítarkennara

Þú varst eini kennarinn í skólanum til að byrja með en svo fjölgaði í kennaraliðinu?

„Við Björgvin Gíslason höfum lengi verið vinir og ég fékk hann til að kenna með mér á gítar í nokkra vetur því ég er bara „strömmari“ á það hljóðfæri. Var það ekki kallað rytmagítarleikari? Fleiri gítarkennarar hafa komið við sögu en Björgvin festi endanlega í sessi gítarkennslu í skólanum og nú kennir Hlynur Stefánsson á gítar. Ég var heppinn að fá hann til liðs við mig eftir að Björgvin hætti því hann er frábær gítarleikari og góður kennari auk þess að vera drengur góður.“

Uppskeruhátíðirnar ánægjulegar

Þið hélduð uppskeruhátíð fyrir stuttu?

„Já það er föst venja alveg frá fyrsta vetri að halda uppskeru-

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
löggiltur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR

ÞINGHOLT
FASTEIGNASALA



Ungur hljómborðsleikari fær tilsögn hjá kennara sínum.

hátíð í lok hvernar annar og ég kalla það ekki nemendatónleika því ég legg áherslu á vinalegt andrúmsloft þá sem endranær og fæ því nemendur til að taka eitthvað með sér til að setja á kaffihlaðborðið og sjálfur kem ég líka með eitthvað og svo nýt ég fulltingis fjölskyldunnar og nú í seinni tíð bara eiginkonunnar sem sér um að allt sé í röð og reglu í og við eldhúsið, kaffi á könnunni og gos og ávaxtasafi á borðum. Nemendur bjóða með sér vinum og vandamönnum og svo spila þeir lokaverkefni sín hver á fætur öðrum á meðan gestirnir njóta veitinganna. Þetta er afskaplega ánægjuleg samverustund og streitulaus hjá nemend-

um þótt þeir þurfi að spila fyrir aðra. Og þarna var lagavalið fjölbreytt, allt frá Beethoven til Jóns Jónssonar með viðkomu hjá Bítlunum, Led Zeppelin, Jóni Múla og Cat Stevens.“

Þetta sem mig vantaði að vita

Fylgistu eitthvað með gömlum nemendum – gefur þeim jafnvel góð ráð?

„Í árána rás hafa svo margir nemendur komið við sögu hjá mér allt frá því ég byrjað kornungur, 22 ára, að kenna og það fer ekki hjá því að margir hafa orðið góðir vinir mínir en aðrir góðir kunningjar og enn aðrir kann-

ast jafnvel ekkert við mig eins og gengur. Nokkrir hafa komið sér í góða stöðu í heimi tónlistarinnar en ég veit ekki hve mikið ég þori að þakka mér það - það er æfingin sem skapar meistaran og ég held að einurð og dugnaður nemendanna komi mest við sögu þótt gott sé að vaxa upp í góðum jarðvegi. Ég gæti nefnt afburðamenn úr nemendahópnum en kann ekki við það. Nokkrir gamlir nemendur hafa alltaf öðru hvoru samband við mig eða við hitumst á förnum vegi og eigum vinalegt spjall um tónlistina eða bara hvað sem er.

En nemendur gera mismunandi kröfur og hafa mismunandi væntingar og nokkrir nemenda



Frá nýliðinni uppskeruhátíð Tónskólans. Nemendahópur haustannarinnar, að frátöldum einum nemanda, ásamt Guðmundi Hauki, nokkurn veginn í miðjunni, og gítarkennaranum Hlyni Stefánssyni, lengst til vinstri.

minna sem lengst eru komnir hafa stundað námið vel og æfa sig reglulega og eru því orðnir flinkir píanóleikarar og smekklegir skálmara en á hinum endanum man ég eftir einum nemanda sem gerði sér engar grillur um „frægð og framandi lönd“ og þegar ég hafði kennt honum að byggja þríhljóma í dúr og moll með aðferðinni að spila fyrstu þrjá tónana í Litlu andarungarnir og finna þannig dúrhljóminn með nafni fyrsta tóns og lækka svo þriðjuna til að fá mollið sagði hann: „Nú þarf ég ekki að koma í fleiri tíma til þín því það var þetta sem mig vantaði að vita.“ Snjallt. Lausnin fundin. Við erum svo skemmtilega ólík en það er alltaf gaman að starfa saman að áhugamálunum, þroska hæfileika okkar, læra meira og njóta lífs og listar.“

Víða blómlegt starf í Breiðholti

Spjalli okkar er lokið. Í þessum litla tónlistarskóla, sem líklega er sá minnsti á landinu að sögn Guðmundar Hauks, fer fram mjög göfugt og gott starf. Sá sem þetta viðtal tók getur vitnað um það – ekki vegna þess að hann hafi setið þar sjálfur við hljóðfæri. Hann spilar ekki á neitt slíkt og er þess utan algjörlega laglaus, heldur fór yngsta afkvæmið hans þangað í nám í ársbyrjun og líkaði strax afar vel; fer ávallt glatt í tímana og kemur enn glaðara til baka. Er hægt að biðja um meira? Þess vegna hef ég ekki hikað við að mæla með þessum tónlistarskóla við þá sem um hann spyrja. Já, það er víða að finna blómlegt starf í hverfinu okkar, Breiðholti, og full ástæða til að vekja á því athygli.

GIE

JÓL Í HÓLAGARÐI



Persónuleg þjónusta.

Verslið í vinalugu umhverfi!



Boltinn í beinni
S: 567 8444
Krá • Sportbar
Gullnáman



Sími
557 2653



Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali
Snyrtivöruverlsunin
Mama
Sími: 557 1644



Sportvörur • Leikföng • Rífföng
Leiksport
Hólagarði
Sími: 557 5020





Þorleifur Gunnlaugsson flytur erindi sitt á fundinum.

Hverfisráðin hafa raun engin völd

Hugmyndin að baki þjónustumiðstöðvunum hefur aldrei orðið að veruleika og hverfisráðin hafa í raun engin völd. Þetta kom fram í erindi Þorleifs Gunnlaugssonar varaborgarfulltrúa um hlutverk íbúa og aðkomu þeirra að íbúalýðræði á aðalfundi Betra Breiðholts á dögunum. Hann sagði einnig að ef Breiðholt væri sér sveitarfélag væri það fjórða stærsta sveitarfélag landsins með 20.600 íbúa.

Þorleifur sagði að í raun hafi íbúalýðræði verið að minnka á undanföllum árum og valdið fjarlægst hverfi innan borgarinnar og íbúa þeirra. Sú hugmyndafræði sem verið hafi að baki þjónustumiðstöðum hafi aldrei náð í gegn eða orðið að veruleika. Orsakir þess væru meðal annars andstaða kjörinna fulltrúa um dreifstýringu. „Þeir hafa staðið í vegi

fyrir að valdið hafi færst út í hverfin og til íbúanna. Vitanlega hafi þetta orðið vegna þess að þeir hafa litið á það sem valdaafsal að færa valdið til íbúanna. Þorleifur sagði að í raun hefðu þjónustumiðstöðvar engin völd því dreifstýring ætti ekki upp á pallborðið hjá kjörnum fulltrúum sem vildu halda í miðstýringu. Kjörnir fulltrúar og embættismenn væru ekki tilbúnir að sleppa takinu. Þorleifur benti á að meira að segja hafi tillögu um að 10% íbúa gætu óskað eftir kosningu verið þröngvað í 33% í meðföllum kjörinna fulltrúa. Þá sagði hann að borgarkerfið einkennist af því að erfitt væri að fá upplýsingar enda væru upplýsingar völd. Hugmyndin með hverfisráðum væri gott framtak til að ná fram einhverri dreifstýringu en í raun hafa þessi ráð engin völd.“

Fær hverfisráð ekki að vita um ákvarðanir í hverfinu?

Umræður spunnust um stöðu og vald Hverfisráðs Breiðholts og stöðu hverfisstjóra einkum gangvart embættismönnum borgarinnar á aðalfundi íbúasamtakanna Betra Breiðholts sem haldinn var nýlega. Spurt var um hvort hverfisráð fái ekki að vita um fyrirhugaðar breytingar í hverfinu og hvert vald borgarfulltrúa sé í raun veru gangvart embættismönnum borgarinnar. Aðalfundur íbúasamtakanna Betra Breiðholt, sem haldinn var 21. nóvember sl. ályktaði einnig að Hverfisstöðinni við Jafnasel í Efra Breiðholti verði ekki lokað eða færð úr hverfinu.

Í yfirlitsræðu Helga Kristóferssonar formanns samtakanna kom fram að fundað hafi verið með starfsmönnum stöðvarinnar og þeim tjáð að loka eigi stöðinni en enginn virðist þó hafa getað staðfest það innan borgarkerfisins. Helgi sagði þessa ráðagerð í algjöri andstöðu við það sem sagt hafi verið og virðist vera yfirlýst stefna meirihluta borgarstjórnar. Hann sagði að innan íbúasamtakanna væru miklar áhyggjur af því að með flutningi stöðvarinnar muni þekking og kunnáttu innan hverfisins hverfa. Gunnar H. Gunnarsson, stjórnarmaður í Betra Breiðholti ræddi einnig um minni þjónustu í hverfinu. Hann minnti á að fyrirhugað hafi verið að auka þjónustu við hverfið, meðal annars með því setja útibú slökkvistöðvar í eða við Breiðholtið. Á sínum tíma hafi verið fyrirhugað að staðsetja slökkvistöð í Elliðaárdalnum fyrir neðan Stekkjabakka. Því hafi verið harðlega mótmælt en bent hafi verið á nokkra aðra staði sem að mörgu leiti yrðu heppilegri fyrir slökkvistöð. Einn þeirra hafi verið við Jaðarsel. Gunnar sagði að þörfin væri enn til staðar til að auka öryggi hverfisins hvað varðar viðbrögð við eldsvoða og einnig viðbrögð sjúkrabíla. Í því sambandi beri að geta þess að íbúar Breiðholtsins séu að eldast og því fylgi óneitanlega aukin þörf á sjúkraflutningum. Af þessu og öðrum umræðum spunnust umræður um hlutverk og stöðu



Lárus Rögnvaldur Haraldsson formaður Hverfisráðs Breiðholts í ræðustól á fundinum. Við hlið hans situr Helgi Kristófersson formaður Betra Breiðholts.

Hverfisráðs og hvaða hlutverki hverfisstjóra sé ætlað að sinna og hver væru völd ráðsins og hverfisstjóra í málum á borð við hverfisstöðina. Jón Ragnar vildi fá að vita hvert vald borgarfulltrúa sé í raun og veru. Undir þessa spurningu tók Magnús Valdimarsson og nefndi sem dæmi að embættismenn taki endurtekið fram fyrir hendurnar á fulltrúum og breyti eftir sínu eigin höfði að því er virðist vera ákvarðanir borgaryfirvalda. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi svaraði og benti á að borgarfulltrúar séu 15 og því hafi hver og einn aðeins 1 atkvæði af 15. Vissulega sé um tregðu að ræða en yfirleitt vinnst málin og lyklatríði sé að fá ályktanir samþykktar því þá sé erfitt að hunsa þær. Kjartan sagði að vissulega ætti Hverfisráð að fá vitneskju um allt sem við komi hverfinu, ákvörðunartökur og fyrirhugaðar breytingar innan hverfis en þar væri pottur brotinn.

Alvarlegt ef embættismenn segja ósatt

Lárus Rögnvaldur Haraldsson formaður Hverfisráðs sagði að Hverfisráðið væri skipað til fjögurra ára og staða hverfisstjóra væri tilraunaverkefni til þriggja ára. Hverfisstjóri sé hugsaður sem samræmingaraðili og eigi að starfa „þvert“ á stjórnskipulagið og geta kallað alla aðila að verkefnum hverfisins án tillits til sviða- eða deildarskiptingar stjórnkerfisins. Lárus sagði ákveðna óvissu vera með Hverfisstöðina en forráðamaður hafi tjáð sér og borgarfulltrúum að ekki yrði af flutningi. Hann taldi það alvarlegt mál ef embættismenn segi ósatt um svona hluti og upplýsi ekki formann Hverfisráðs. Á fundinum var rætt um að það sé ekki fallið til að hvetja til þátttöku í samtökum sem Betra Breiðholti ef upplýsingar fáiast ekki og ef þær fáiast séu misvísandi. Lárus ítrekaði að yfirmaður þessa málaflokks hafi fullrytt að ekki yrði um flutning að ræða eða lokun Hverfisstöðvar í Breiðholti.

Reiðhjólástígur yfir Breiðholtsbraut á brú

Aðalfundur íbúasamtakanna Betra Breiðholts tekur undir að skipulagi væntanlegs aðalskiplags er varðar reiðhjólástígs upp með Breiðholtsbraut verði breytt á þann hátt að ekki verði gert ráð fyrir að stígurinn fari undir þá götu í göngum við skíðabrekkuna við Jafnasel heldur fari yfir Breiðholtsbraut á brú austan Select í samræmi við nýja og gamla skipulagsuppdraetti af Breiðholtiinu.

Tillaga þess efnis var flutt af Gunnari H. Gunnarsyni stjórnarmanni í samtökunum. Í greinargerð með tillögunni segir að tekið skuli fram að til sé fjárveiting frá

ríkinu samkvæmt samgönguáætlun ríkisins um aðalreiðhjólástígakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Þar sé gert ráð fyrir 15 nýjum mislægum göngu- og hjólreiðaleiðum til ársins 2023. Fundarmenn kvörtuðu yfir leiðarkerfi Strætó að því hafi farið mikið aftur eftir breytingar 2005. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi tók að vissu

leiti undir þá gagnrýni og sagði að það hafi komið honum á óvart þegar fest voru kaup á BSÍ húsinu í Vatnsmýrinni með það í huga að miðstöð Strætó yrði þar í framtíðinni. Skýrslur hafi sýnt fram á að miðpunktur höfuðborgarsvæðis miðað við íbúadreifingu væri alls ekki niður í bæ og því ætti miðstöð að vera á allt öðrum stað.

Ungmennaráð Breiðholts

– hópur af kröftugum Breiðhylltingum

Ungmennaráð Breiðholts er hópur af kröftugum ungum Breiðhylltingum á aldrinum 13 til 18 ára. Ungmennaráðið vinnur að því markmiði að betrumbæta Breiðholtið og ímynd þess með skoðanir ungs fólks að leiðarljósi.

Ungmennaráðið hittist reglulega og fundar um hin ýmsu málefni og komum hugmyndum ráðsins sem og annarra ungmenna á framfæri. Verkefni ungmennaráðs Breiðholts á fyrri starfsárum hafa meðal annars verið frístundastrætó-

inn sem var hugsaður sem betri samgönguleið fyrir ungmenni sem stunda íþróttir og tómstundir víðsvegar um hverfið. Ungmennaráð Breiðholts hefur einnig fulltrúa í ungmennaráði Reykjavíkur þar sem fulltrúar úr öllum hverfum borgarinnar koma saman og bera saman bækur sínar vilji fólk koma skoðunum sínum á framfæri getur það skrifað línu til ungmennaráðsins og sent á eftirfarandi netfang: ung.brh@gmail.com

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298

www.breidholt.is


Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!


552-2440
TAXI
Borgarbilastöðin ehf.
20% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu

Aðventan er gleðileg í Garðheimum

Fjölskyldufyrirtæki í 21 ár!



GJAFABRÉF FYRIR ÁVAXTATRJÁM AÐ VORI
GJÖF SEM GEFUR ÁVÖXT ♥



Á Spírunni, bistróinu okkar á 2.hæð bjóðum
við upp á bragðgóðan, ferskan hádegismat
eldaðan frá grunni og klassa kaffidrykki,
ísrétti og kruðerí eftir hádegis.
Um helgar er súpa dagsins vinsæl og
kaffi/tertutilboðin okkar svíkja engan.
Spíran er opin alla daga frá kl. 11:00 til 17:00.

spíran.
BISTRO · GARÐHEIMUM



OPIÐ TIL KL. 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is


GARÐHEIMAR

Velferðarsjóður og Elliði styrktu Gerðuberg

Velferðarsjóður íslenskra barna og Kiwanisklúbburinn Elliði veittu nýverið styrki til Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Barna- og unglingadeildar Landspítalans til endurhönnunar og uppsetningar á sýningunni Ormurinn ógnarlangi - Söguheimur norrænnar goðafræði.

Sýningin verður sett upp í húsnæði BUGL við Dalbraut. Endurhönnun sýningarinnar gengur út á að láta sýningargripi og aðra umgjörð falla að daglegu vinnu- og leikumhverfi barna, foreldra og starfsfólks á BUGL. Þau munu geta hreiðrað um sig á afmörkuðum svæðum, leikið sér og lifað sig inn í sögurnar sem vísad er í. Goðafræðin er óþrjótandi efniviður fyrir starfsfólk að vinna með börnunum á skapandi og skemmtilegan hátt auk þess

sem sýningin skapar hlýleika og stemningu í umhverfi spítalans. Kristín Ragna Gunnarsdóttir myndlistarkona hannaði sýninguna að beiðni Gerðubergs árið 2010 og vakti sýningin mikla lukku meðal sýningargesta og sló aðsóknarmet. Flest verkefni Gerðubergs verið framkvæmd innan veggja stofnunarinnar en með þessu verkefni er gengið skrefinu lengra og reynt að færa menninguna og upplifunina til barnanna sjálfra; barna sem þurfa á miklum stuðningi að halda til að eiga sér betra líf. Með þessu samstarfsverkefni Gerðubergs og BUGL vonumst við til að geta lagt okkar af mörkum til að færa meira líf og liti inn í daglegt líf þeirra. Vonast er til að þetta verkefni verði vísir að áframhaldandi samstarfi menningar- og velferðarstofnana í okkar samfélagi.

Raunveruleiki og hughrif í myndum Margrétar

Nú stendur yfir sýning á olíumálverkum Margrétar Zóphóníasdóttur í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi undir yfirskriftinni Vængjablak. Verkin á sýningunni tengjast öll minningum listamannsins. Gestir eru teknir á flug í draumkenndum veruleika þar sem mynstur, ævintýri og dýr tvinnast saman í eina heild. Sumar minningar byggjast á raunverulegum atburðum en þær sterkustu eru oft draumkenndar eða ævintýralegar og tengjast hughrifum, stemmningu, sögum eða ævintýrum. Það er undir okkur sjálfum komið að skapa fallegar minningar.

Margrét leitast við að flétta saman veruleika og þeim hughrifum sem ímyndanir skapa á einstakan hátt. Sjálf segir hún um sýninguna að með þessum verkum sínum vilji hún laða fram frelsið í heimi minninganna. „Óljós sýn opnar innri heim. Sérhver liðin stund varpar ljósi á andartak veruleikans. Engin leið er að sjá fyrir tengingu á milli liðinna atburða sem setja mark sitt á sálina. Fuglar hefja sig til flugs úr hólfi sárauðans og þorna undir pensilstrofum en neita að festa vængina í verkinu. Fótatak berst frá dýrum sem undrandi skotra augum til áhorfandans. Blómin vakna af værum dvala og sjávardýr fálna eftir frelsinu. Minningarnar eru sem falinn fjársjóður framtíðar,“ segir Margrét. Margrét Zóphóníasdóttir stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík á árunum 1974 til 1975, Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1975 til 1977, Danmarks Designskole 1977 til 1981 og Danmarks Lærerhøjskole 2000 til 2001. Auk þess að sinna eigin listsköpun hefur Margrét



Vængjablak í óræðum heimi ímyndarinnar. Styrkur fuglsins eða raunveruleikans er mikill í myndinni samanburði við óræðan bakgrunninn.

kennt myndlist við Myndlistarskóla Reykjavíkur, Myndlistaskóla Kópavogs og Listaháskóla Íslands auk kennslu fyrir ýmsa hópa bæði hér heima og í Danmörku. Vængjablak er fimmta einkasýning Margrétar en hún hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga.

Torg í biðstöðu voru til umræðu í mánudagsspjalli

Mánudagsspjallið í Gerðubergi þann 26. nóvember sl. var helgað verkefninu Biðsvæði - Torg í biðstöðu sem gengur út á að lifvæða svokölluð biðsvæði í borginni með tímabundnum lausnum. Verkefnið hefur verið í fullum gangi á torgum og almenningsvæðum í borginni frá liðnu sumri. Það snýst um að lifvæða og endurskilgreina biðsvæðin með tímabundnum lausnum en óvissa ríkir um notkun og möguleika þeirra í framtíðinni.

Biðsvæðunum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi. Um leið er reynt að vekja hagsmunaaðila til umhugsunar um sitt nánasta umhverfi og virkja þá til að taka þátt í að þróa svæðin

til framtíðar. Lögð er áhersla á svæði sem tengjast gömlu verslunar- og menningarkjörnum borgarinnar, t.d. Markúsartorgi við Gerðuberg og útisvæði við Arnarbakka í Breiðholti.

Í kynningunni var fjallað um skilgreininguna á biðsvæðum, markmið verkefnisins, hvað hefur verið gert og hvert stefnir. Einnig verður lögð sérstök áhersla á þann hluta verkefnisins sem snýr að úthverfum borgarinnar, samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila og fóru biðsvæðastjórnir; Björn Ingvarsson, Hulda Dagmar Magnúsdóttir og Jón Guðmundsson yfir reynslu sína af verkefnum sumarsins. Þar sem eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er samvinna við hagsmunaaðila

íla er fólk hvatt til þess að mæta og taka þátt í umræðunni. Hans. H. Tryggvason arkitekt og verkefnastjóri hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar hafði umsjón með mánudagsspjallinu Mánudagsspjall og spekulasjonir er ný viðburðaröð sem unnin er í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Á haustmisseri verður lögð áhersla á skipulags- og umhverfismál borgarinnar. Hér skapast nýr vettvangur til að bera upp hugmyndir, ræða málin og vekja athygli á því sem vel er gert eða betur má fara. Spjallið fer fram í kaffihúsi Gerðubergs þar sem gestir geta keypt kaffi og með því og átt fróðlega og notalega stund síðasta mánudagskvöldið í hverjum mánuði.

Bestu óskir um glæðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



GULLSMÍÐURINN Í MJÓDD



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Sverrir Einarsson
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

d:fi
milk_shake



APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

- Söngnámskeið fyrir foreldra með ungabörn
Námskeiðið verður 12 sinnum og hefst 15. janúar.
Kostnaður 10.000 kr.
Skráning í síma 8966303 hjá Rannvá.

- Saumanámskeið og íslenskunámskeið
fyrir nýja landsmenn.
Skráningu hjá Arney í síma 849 0036
á mánudaögum milli 11 og 14
eða í tölvupósti hjalp@herinn.is

- Hertex Fatabúðin er opin þriðjudaga
til föstudaga frá kl 13-18

Við þökkum öllum sem styrkja velferðarstarfið okkar bankar. 0514-26-604761



Álfabakka - 12 Mjódd

Hjálpræðisherinn
Reykjavíkur flokkur.
Sími 552 1108.
www.herinn.is


netto

Kræsingar & kostakjör

Um jólin!



MINNUM
Á JÓLA-
BÆKLINGINN



Stundin Okkar
1966-2012

4.998kr.



Frozen Planet
Attenbourough
4 dvd diskar

4.998kr.



Stíklur
1977-2005

4.998kr.



The Expandables

2.398kr.



Frá byrjun
til landsliðsmanns

3.498kr.

Tilboðin gilda 13. - 16. des

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Glæpasagnahöfundur úr Breiðholtinu

„Þegar líkamsleifar manns, sem hvarf sporlaust fyrir nokkrum áratugum, finnast milli þils og veggja eyðibýlis á Suðurnesjum rekast lögreglumennirnir Jón og Loki á röð gamalla mála sem skildu eftir sig sviðna jörð. Áður en þeir vita af fara gömul spírasmyglmál að tvinnast saman við glæpastarfsemi og önnur sakamál í samtímanum. Félagarnir tveir þurfa einnig að glíma við reimleika og hræðilega fortíð hússins.“ Þannig hljómar kynning útgefanda á Glæpasögunni Afturgöngunni eftir Breiðhylltinginn Ágúst Þór Ámundason en um er að ræða frumraun hans á ritvællinum.

Ágúst er ekki innfæddu Breiðhylltingur heldur flutti úr sveitinni eins og hann kemst að orði. „Ég er frá Laugum í Reykjadal og fæddur á Húsavík. Ég ólst upp fyrir norðan til 16 ára aldurs en þá flutti fjölskyldan suður og þá má segja að mín Breiðholtsvist hafi byrjað. Við bjuggum reyndar í tvö ár Kópavogsmegin við merkin og svo var ég einn vetur á Akureyri og starfaði hjá sláturhúsi KEA sem þá var. Það er eflaust sveitamanninum í mér að kenna að mér fannst Breiðholtið ekki eiginlega vera í Reykjavík þegar ég kom suður. Miðbærinn 101 var hin eiginlega Reykjavík í huga mínum og það er ekki laust við að enn eldi eftir af þessum hugsunarhætti. Hér er ég í hinni eiginlegu Reykjavík,“ segir Ágúst þar sem hann situr með tíðindamanni á Te og Kaffi í bókabúð Máls og menningar á horni Laugavegar og Vega-mótastígs. „Konan er hins vegar uppallinn Breiðhylltingur og á sína bernsku meðal annars í Fellaskóla þannig að allt tal mitt um að flytja í miðbæinn hefur fallið í grýttan jarðveg. Hún er alger Breiðhylltingur og við erum líka búin að koma okkur ágætlega fyrir efra þannig að ég geri ekki ráð fyrir að impra mikið á flutningi niður í miðbæ í bráðina. Við eigum orðið þrjú börn. Það elsta er komið í

Hólabrekkuskóla, næsta er í leikskóla og það yngsta nýlega fætt þannig að við stefnum að því að ala þau upp í Breiðholtinu.“

Skrifaði á frívöktum, stíminu og í landlegum

En aftur að bókinni. Ágúst segir að Afturgangan sé lögreglusaga þar sem fjórir rannsóknarlögreglumenn á ýmsum aldri og með ólíkan bakgrunn reyni að brjóta málin til mergjar. „Ég kem líka svolítið inn á líf þeirra en þetta eru mjög ólíkar persónur og síðan er líka skoðað hvað glæpamennirnir eru að hugsa og gera. Ég hef verið að lesa James Patterson og Stephan King og ég hef líka lesið bækurnar eftir May Sjövall og Per Walhöö sem Þráinn Bertelsson þýddi“ en þar á Ágúst við upphaf skandinavísku glæpasögunnar en þau voru frumkvöðlar að þeirri glæpasöguhefð sem þefur þróast á Norðurlöndunum frá því bækur þeirra um rannsóknarlögreglumennina Martin Beck og Lennart Kolberg komu fyrst út. Ég hef líka lesið íslensku höfundana talsvert; Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur og ekki síst Stefán Måna sem er einn af upphalds rithöfundum mínum. Ég hef þó gætt þess vel að sækja ekki í smíðju annarra – ekki með beinum hætti og til marks um það las ég ekki eina einustu glæpasögu á meðan ég var að skrifa Afturgönguna til þess að fá ekki áhrif annarra á minn eigin stíl. Hitt er annað mál að höfundar þroskast við lestur annarra bóka og áhrifa af lestri gætir eflaust hjá mér eins og annarra.“ En hvernig vinnur Ágúst og sameinar ritstörfin sjómennskunni. „Maður er alltaf að pæla. Þegar maður stendur við vinnu á dekkinu er hugurinn oft á fullu. Þetta eru ágætis aðstæður til þess að vinna undirbúningsvinnuna. Svona með aðgerðinni. Maður er að raða atburðarás og samtölum saman í huganum með þorskinn í annarri hendinni



Ágúst Þór Ámundason sjómaður og glæpasagnahöfundur.

og hnífinn í hinni. Stundum með blað og penna í brjóstvasanum og stundum bara hugann til þess að geyma hugmyndirnar. Oft koma bestu hugmyndirnar á dekkinu með þorskinn og hafið fyrir augunum. Ég var á Kristínu ÞH 157 þegar ég skrifaði bókina. Skrifaði

mestmegnis á sjónum og stundum í landlegum á Djúpavogi“

Gömul smyglmál koma upp

Afturgangan hefst á því að líkamsleifar manns finnast milli þils

og veggja eyðibýlis sem verið er að rífa. Þá hefst rannsókn á gömlu máli sem tvinnast óbeint saman við glæpi í samtímanum. „Já – maður leitar aftur í fortíðina og tengir þá síðan við nútíðina. Gamall fundur verður til þess að farið er að rekja mál sem löngu eru gleymd. Ég byggi söguna á lík-fundi og þegar farið er að leita aftur í fortíðina koma gömul smyglmál fram í dagsljósið og fara þau með óbeinum hætti að tvinnast við glæpastarfsemi sem er í gangi í undirheimum Reykjavíkur. Þannig er ég í raun bæði dreifbýlingur og borgarbúi í sögunni.“

Sögukaflar gerast í Breiðholtinu

Ágúst var fljótt harðákveðinn í að koma sögunni á framfæri. Það tók nokkurn tíma að ganga frá því og finna útgefanda en nú er þetta allt komið í höfn. Ég leyfði skipsfélögum mínum að lesa og bar söguna undir þá og sumir þeirra reyndust mér góðir gagnrýnendur. Það eru bókaormar um borð og margir hafa áhuga á glæpasögum. Svo ræða menn efni og innihald og skiptast á skoðunum.“ En væri Breiðholtið heppilegar vettvangur svona sögu. „Kaflar úr sögunni eiga sér stað í Breiðholtinu og ég held að þótt hverfið sé friðsamt byggðarlag þá væri alveg hægt að spinna undirheima- eða glæpasögu úr þeim mannlega jarðvegi sem þar er til staðar. Þetta er yfir 20 þúsund manna fjölbreytt samfélag. Þar er allt lítróf mannfélagsins að finna.“



Taktu þátt í ET leiknum á endurvinnslutunnnan.is
Þú gætir unnið iPad mini



**Gleðileg jól og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða**

Saumaverkstæði

Ingu

Fataviðgerðir og breytingar

Amarbakka 2 • Sími 577 1570

FIMM FRÁBÆRAR!

Hér segir Villi á Brekku gamansögur af sér og samferðarmönnum sínum og fer á kostum eins og hans er von og vísa.

Björn Jóhann kafar í sagnasjóð Skagfirðinga og útkoman er á þriðja hundrað gamansögur sem fá alla til að hlægja.

Skvísúbók – sem er líka fyrir karla. Ómissandi bók fyrir allt skóahugafólk eftir skóddrottninguna Hönnu Guðnýju Ottósdóttur.

Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Dauðinn í Dumbshafi. Sjá úr bókinni á: <http://issuu.com/magnusthor/docs/navigi-issuu>

Pétríska orðabókin er ekki bara stórskemmtileg heldur auðgar hún íslenskt mál svo um munar.



Ástríða í matargerð

Gleðileg íslensk jól



Komdu og sjáðu risa jólatré úr Ora dósum

í Nettó Mjódd

Komdu og taktu þátt í Ora jólaleiknum

nettó

Kræsingar og kostakjör...
... um jólin

Afbrotum fækkar í Breiðholti

Ofbeldisbrotum hefur fækkað um 27% í Breiðholti frá árinu 2007. Eignaspjöllum sem tilkynnt hafa verið til lögreglu hefur fækkað um 28% og slysum á vegfarendum um 63% á sama tíma. Innbrotum hefur fækkað um 22% frá 2007 og umferðarslysum hefur fækkað um 36%. Þetta kom fram á íbúafundi sem haldinn var í Breiðholtsskóla 1. nóvember sl. en þar voru m.a. lagðar fram tölur frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um tíðni afbrota í borgarhlutanum á tímabilinu frá 2007.

Um 87% íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru ánægðir með störf lögreglu sem er svipað hlutfall og fyrri ár og 86% íbúa á starfssvæði lögreglustöðvar 3 eru ánægðir með störf lögreglu sem er meira en á árinu á undan þegar um 81% íbúa í Breiðholti voru ánægð með störf lögreglunnar. Um 61% íbúa á höfuðborgarsvæðinu telja lögreglu aðgengilega. Um 52% sjá lögreglubíl í sínu hverfi nokkrum sinnum í mánuði eða oftar, um 69% íbúa á starfssvæði lögreglustöðvar 3 telja lögreglu aðgengilega, um 52% sjá lögreglubíl í umdæmi hennar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar í sínu hverfi. Um 57% íbúa í Breiðholti telja lögreglu aðgengilega og 50% þar sjá lögreglubíl í sínu hverfi nokkrum sinnum í mánuði eða oftar. Um 59% íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast einhvern tímann á síðasta ári hafa óttast að verða fyrir afbroti og um

57% íbúa í Breiðholti segjast einhvern tímann á síðasta ári hafa óttast hið sama. Um 88% íbúa á höfuðborgarsvæðinu telja sig örugga í sínu hverfi. Um 39% íbúa telja sig örugga í miðborginni og um 89% íbúa á starfssvæði lögreglustöðvar 3 telja sig örugga í sínu hverfi.

Góð samvinna mikilvæg

Stefán Eiríksson lögreglustjóri ræddi á fundinum almennt um löggæsluna og sagði nauðsynlegt að auka sýnileika lögreglu. Þá þyrfti að stuðla að markvissum forvörnum með sérstakri áherslu á að koma ungu fólki til aðstoðar áður en kæmi til alvarlegra árekstra við umhverfið. Til þess þurfi að koma til góð samvinna við félagsþjónustur sveitarfélaganna, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga auk skóla og foreldra. Einnig þurfi að afla upplýsinga og nýta til markvissara eftirlits og aðgerða af hálfu lögreglunnar og samstarfsaðila. Mjög nauðsynlegt sé einnig að miðla upplýsingum til almennings og benti Stefán sérstaklega á lögregluvefinn í því sambandi en einnig kynningarfundir auk þess sem svæðablöð væru vettvangur til þess að koma upplýsingum og ábendingum á framfæri.

Tilkynna strax ef um tælingu gæti verið að ræða

Nokkrir gestir viðruðu áhyggjur sínar af tælingarmálum og nefndu dæmi um að börn hefðu fyllst ótta eftir að hafa talið okunnuga vera að reyna að lokka sig upp í bíl.



Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu ræðir við ungur konur í fundarlok. Við hlið þeirra stendur Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóra í Breiðholti.

Stefán Eiríksson brýndi fyrir íbúum að tilkynna öll slík tilvik því lögreglan taki mál af því tagi mjög alvarlega. Hann sagði að brugðist væri strax við slíkum tilkynningum og grennslast fyrir um þau, en síðan er öllum upplýsingum haldið vel til haga til að auðvelda lögreglu að handsama þá sem gerast sekir um slíka hegðun. Stefán benti þó á að þegar lögregla hefur komið á staðinn hafi oft komið í ljós að grunsamleg hegðun hafi átt sér eðlilegar skýringar. Því er brýnt fyrir fólk að halda ró sinni og forðast að skapa óþarfa ótta meðal barna út af þessum málum. Á sama tíma er mikilvægt að vera á varðbergi og kenna börnum rétt viðbrögð, þ.e. að forða sér og láta foreldra vita ef þau telja einhvern

ókunnugan vera að lokka sig inn í bíl. Án nokkurrar undantekningar á að tilkynna slík atvik til lögreglu. Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og stöðvarstjóri á lögreglustöð 3, fjallaði um stöðu mála í Breiðholti út frá afbrotatölfræði lögreglu og árlegri viðhorfskönnun. Á eftir honum ræddi Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögregluþjónn um stöðu umferðarmála í hverfinu. Í könnun lögreglu kemur fram að hlutfall íbúa í Breiðholti sem telja sig örugga einir á gangi í sínu hverfi þegar myrkur er skolið á hækkar lítilega og var það þó hátt fyrir. Niðurstöðurnar eru í takt við afbrotatölur því samkvæmt þeim virðist sjaldan hafa verið eins öruggt að búa í Breiðholti.

Neikvæður stimpill á Breiðholtinu

Í umræðum sem fram fóru á eftir ávörpum þeirra Lárusar Rögnvaldar Haraldssonar formanns hverfisráðs Breiðholts sem setti fundinn, Óskars Dýrmundar Ólafssonar hverfisstjóra og fulltrúa lögreglunnar kom fram hjá nokkrum fundarmanna að neikvæður stimpill hafi fest á hverfið í gegnum tíðina sem erfitt hafi reynst að hreinsa. Algengt sé að umfjöllun fjölmiðla um Breiðholtið sé á mun neikvæðari nótum en gengur og gerist um önnur hverfi. Á fundinum kom skýrt fram að íbúum finnst tími til kominn að breyta þessu. Fundarmenn létu í ljósi nauðsyn þess að fjallað yrði um hverfið með jákvæðari hætti þannig að af því gæti skapast betri og réttlátari mynd. Fulltrúar lögreglunnar á fundinum tóku undir þetta og bentu á að afbrotatölur sýni að ástand mála í Breiðholti er ekki verra en meðaltal á höfuðborgarsvæðinu.

Meira en 30 nágranna-vörslugötur

Gestir voru almennt ánægðir með þann árangur sem hefur náðst í að fækka brotum og þá ekki síst innbrotum. Talað var um að nágrannavarsla, sem er skipulögð í meira en 30 götum í hverfinu eigi án efa sinn þátt í að fækka innbrotum og því þurfi að viðhalda því starfi og efla það í framtíðinni.

SKATA

ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN, RÆKJURNAR OG LAXINN HJÁ OKKUR



Opnunartími til jóla:
Alla virka daga kl. 9 - 18:30
Laugardaginn 22. des. kl. 10 - 16
Sunnudaginn 23. des. kl. 10 - 16
Mánudaginn 24. des. lokað

Regnbogabrúin á Markúsartorgi

Svokölluð “Regnbogabrú” á Markúsartorgi við Gerðuberg, sem er samvinnuverkefni FB og borgarinnar var afhjúpuð á Breiðholtsdögum sem haldnir voru í liðnum nóvember mánuði. Um er að ræða umhverfislistaverk sem nemendur af listnáms-, húsasmíða- og rafvirkjabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti hönnuðu og unnu að ásamt sex breskum nemendum undir leiðsögn kennara sinna. Verkefnið er liður í Comeníusar verkefni listnámsbrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti og breskra nemenda frá Sir Roger Manwood's School of Sandwich, Kent.

Verkefnið var einnig unnið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar sem undanfarið hefur unnið að því að fegra og bæta mannlíf á torgum Reykjavíkur undir yfirskriftinni „Torg í biðstöðu“. Regnbogabrúin er tilvísun í brúnnu Bifröst í norrænni goðafræði; brú á milli tveggja heima. Verk-



Regnbogabrúin á Markúsartorgi.

efninu er m.a. ætlað að þjálfa samvinnu og þekkingu nemenda á mismunandi menningu og lífs-sýn. Brúin er skreytt með hefðbundnum íslenskum og breskum munstrum sem gerð eru úr gosflöskutöppum og kalla má

„tappa-mósaík“. Að sögn Elínar Rafnsdóttur listnámskennara við FB voru nemendur áhugasamir, framkvæmdasamir og hugrakkir við vinnslu verksins sem er flókið og krefst mikillar skipulagningar, samvinnu og hugvitssemi.

Gleðileg jól
frábært úrval - gott verð

Kjólar, jakkar, buxur, leggings
töskur, veski, bolir, blússur, peysur, hanskar
hattar, húfur, loðkragar, samkvæmisfatnaður
samkvæmisveski, skart og margt fleira...

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmaseili 2, 109 Reykjavík
S. 567 2077 - 587 0077

Opið mán. - föst. kl. 10-22, laugard. kl. 10-20, sunnud. kl. 13-18

www.breidholt.is

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

**GARDS
APOTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Þekkirðu einhverja sem eiga farsíma?
Þá fást nytsamar jólagjafir hjá okkur !



Rafhlöður fyrir alla síma
Kr. 2.990.-



Hleðslutæki fyrir alla síma



Töskur, veski og hulstur
fyrir flesta síma



32GB minniskort
Kr. 7.490.-



Vararafhlaða fyrir snjallsíma
Kr. 3.995.-

acme®

iPad aukahlutir og gjafavörur á frábæru verði



Taska fyrir spjaldtölvur 10"
Kr. 2.990.-



Stillanlegur iPad standur/hlíf
Kr. 4.990.-



2GB MP spilari
Kr. 4.990.-



Þráðlaus útihitamælir
Kr. 4.990.-

Símabær í Nettó í Mjódd - www.simabaer.is

Kjallarinn er heiti á nýju starfi fyrir unglinga í Mjóddinni. Starfið er í boði Hjálpræðishersins og fer fram í húsnæði hersins á fimmtudagskvöldum á milli kl. 19 og 21. Hjálpræðisherinn hefur einnig opnað verslun á sama stað í Mjóddinni þar sem allar hefðbundnar vörur sem finna má í verslunum hans eru á boðstöðum. Hjálpræðisbúðirnar kallast Hertex hér á landi sem er komið af norska orðinu Fretex en upphaf þess vísar til Hjálpræðishersins sem kallast Frelsesarmen á norsku. En af hverju var Mjóddin fyrir valinu þegar leita þurfti eftir hentugu húsnæði fyrir verslun og félagsstarfi. Breiðholsblaðið spjallaði við þá Paul-William Martí deildarstjóra og yfirmann Hjálpræðishersins á Íslandi og Trond Are Schelander á dögnum.

„Það var orðið þröngt um okkur í Kirkjustrætinu. Við höfum verið þar með gistihús og mat-sal en þar er lítið pláss sem við getum notað fyrir velferðarstarfið. Þegar við fórum að horfa eftir hentugu húsnæði vorum við fyrst og fremst að hugsa um Austurborgina og böndin bár-ust fljótlega að Breiðholtinu. Við sáum að með því að opna starfsstöð þar gætum við komið betur til móts við fólk úr austur hluta borgarinnar en fyrir erum við með starfsaðstöðu við Eyja-slóð í Örfisey auk höfuðstöðv-anna í Kirkjustræti og verslun- ar í Garðastræti. Við fréttum af þessu húsnæði í Mjóddinni og eftir að hafa skoðað það tókum við plássið á leigu.“ Paul-Willi-

Enginn hópur sker sig úr sem sækir hjálparstarfið



Paul-William Martí og Trond Are Schelander. Myndi er tekin á Cafe Paris þar sem spjallað var við þá félaga.

am segir að ráðist hafi verið í nokkrar endurbætur á húsnæðinu einkum til þess að auka nota- gildi þess vegna þess að um fjölpætt starf sé að ræða. „Við skipulagningu verslunarinnar gættum við þess að naglfesta

ekki húsbúnað þannig að hægt er að færa hann til með skömm- um fyrirvara og nota verslunar- plássið til funda- eða samkomu- halds.“ Paul-William segir að herinn hafi verið með barnastarf í Hólabrekkuskóla í nokkur ár og



Hertexverslunin og félagsþjónusta Hjálpræðishersins í Mjóddinni.

því sé þetta ekki fyrsta starfið á þeirra vegum í hverfinu og marg- ir sem tengist starfi Hersins búi í Breiðholti.

Enginn hópur sker sig úr sem sækir hjálpar- starfið

„Nei - við erum ekki að fara úr Garðastrætinu,“ segir Paul-Willi- am aðspurður. „Alla vega ekki í bráðina en þörfin fyrir hjálpar- starf hefur vaxið að undanförmu og það útheimtir betri aðstöðu og einnig að starfa á fleiri stöð- um í borginni. Það búa líka fáir í þeim hluta Miðborgarinnar sem við erum og aðkoma þeirra sem koma akandi er ekki góð.“ Þeir Paul-William og Trond segja að enginn einn hópur skeri sig úr um að njóta aðstoðar Hjálpræðishersins. Meira beri þó á einstæðum konum og fólki af erlendum uppruna. „Við erum í samstarfi við Hjálparstofnun kirkjunnar um jólaúthlutun og svo erum við eins og venjulega með veislu á aðfangadagskvöld í Kirkjustrætinu. Oft eru um 60 manns sem borða hjá okkur og hefur farið allt upp í 100 manns en sveiflast nokkuð á milli ára og svo erum við með hátíðasam- komu á jóladag en þetta eru fast- ir þættir í starfinu þegar kemur að jólum. Það eru sjálfbóðaliðar sem sinna matartilbúningi og sá hópur hefur verið að stækka. Við ætlum að efna til námskeiðs fyrir

sjálfbóðaliða í febrúar á kom- andi ári og trúlega fjölgar þá enn í þessum hóp,“ segir Trond og Paul-William bætir við að enn sé ekki farið að huga að jólahaldi í starfsstöðinni í Mjóddinni en hugmyndir séu þó um að gera það með einhverjum hætti síð- ar. Í fyrstu verði samverustundir með kaffi og spjall á fimmtudög- um kl. 13 til 15, saumanámskeið og fleira á vegum velferðar- starfsins auk þess sem efna á til íslenskunámskeiðs fyrir nýja landsmenn. Þá verður einnig barna- og unglingastarf í Mjódd- inni.

Verslun, kaffihús og unglingastarf

Anita Gerber annast verslun- ina í Mjóddinni og segir hana nokkuð ólíka þeim Hertex versl- unum sem fyrir eru. Plássið sé tvískipt. Annars vegar verslunin þar sem föt og ýmis smávara er til sölu en einnig verður kaffi- hús og unglingastarf á fimmtu- dagskvöldum. Anita segir mark- miðið að vera þar með lifandi tónlist eins og hægt er á kvöldin en þangað getur fólk líka leitað til okkar eftir félagsráðgjöf og mataraðstoð. Við viljum að þessi aðstaða nýtist unglingum til að koma saman, til dæmis einu sinni í viku til að vinna að list- sköpun eða einhverju slíku sam- an.“ segir Anita Gerber.



Sveinsbakarí

Arnarbakka og Hólagarði

Smákökur, hálfmánar, lagtertur, enskar jólakökur, sælkerabotnar, döðlubotnar, svampbotnar, marens, sérlagaðar tartalettur, smákökudeig og eftirréttatertur.

Opið alla daga vikunnar.

Verið velkomin - Veljum íslenskt.



Krua Thai

...Ævintýraferð fyrir bragðlaukana

Tryggvagata og Bæjarlind

S: 552 2525

www.kruathai.is

Vá!

2 ltr gos fylgir öllum sóttum tilboðum í desember.



Myndlistaskólinn í Reykjavík með listbúðir í Fellaskóla

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur undanfarinn mánuð starfrækt listbúðir í Fellaskóla í Breiðholti sem bera heitið Töfralampinn. Nemendur í 3. bekk úr Hólabrekku-, Breiðholts- og Fellaskóla hafa allir tekið þátt í búðunum og sótt þær í fjóra daga samfellt. Í lok hvernna listbúða hafa nemendur haldið sýningu fyrir foreldra og var lokasýningin haldin í Fellaskóla föstudaginn 2. nóvember.

Þetta er í fimmta skiptið sem listbúðir Myndlistaskólans í Reykjavík eru settar upp frá því þær fóru fyrst fram árið 2004. Tilgangur verkefnisins er að efna til samstarfs á milli Myndlistaskólans og grunnskóla í Reykjavík og er verkefnið styrkt af Reykjavíkurborg. Nýir skólar taka þátt í hvert sinn og unnið er með ólíkan útgangspunkt frá einum skóla til annars. Í Töfralampunum í Breiðholti hefur verið unnið með ljós og skugga og hreyfimyndir gerðar til að festa töfrana á filmu sem verða til við



Nemendur í Hólabrekku- og Breiðholtsskóla héldu sýningu fyrir fjölskyldur sínar og á Vimeo-síðu Myndlistaskólans í Reykjavík má sjá hreyfimyndirnar sem börnin unnu af skuggaborgum sínum. Á þessari mynd er nemandi að vinna í listbúðunum.

Þann leik. Umsjónarmenn Töfralampans eru Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir

ir og Ragnheiður Gestsdóttir, myndlistarmenn og kennarar við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is

FESTINA
Watches since 1902

Vönduð & falleg úr í leik & starfi

F 16592 stál-50m
verð kr. 19.900

GULL-ÚRÐ • MJÓDDINN
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

www.breidholt.is

Endurvinnslutunнан Raunhæfur valkostur fyrir Reykvíkinga

Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÖ** flokkar af efnum, allt laust í tunnunna nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunнан biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!

Reykvíkingar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:

Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÖ flokka** af endurvinnsluefnum.

Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.

Ekkert skrefagjald!

ET+

Þarft þú að losna við raftæki? Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.



Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á **endurvinnslutunнан.is**



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Filippseyska móður- málfélagið hóf móður- málskennslu í haust

Um 150 nemendur á höf-
uðborgarsvæðinu höfðu fil-
ippseysku sem móðurmál árið
2011 samkvæmt upplýsingum
frá Hagstofu Ísland. Fólki af fil-
ippseysku ætterni er næst fjöl-
mennasti hópur nemenda með
erlent móðurmál á Íslandi. Fil-
ippseyska móðurmálsfélagið
stendur fyrir kennslu í móður-
máli fólks frá Filippseyjum og
vill stuðla að aukinni fræðslu og
kynningu þessara nemenda á
móðurmáli sínu.

Byrjað var að kenna börnum
og unglingum á liðnu hausti og
nú í lok haustönn er ætlunin að

hafa skemmtiviðburð fyrir alla.
Þessi viðburður er einnig hugs-
aður til að opna umræðu með-
al filippískra foreldra með það
að leiðarljósi að efla þekkingu
og skilning á mikilvægi tvítyngis.
Einnig er ætlunin að veita þeim
nemendum viðukenningu sem
hafa verið duglegir að mæta í fil-
ippseysku móðurmálskennslu og
efla meiri þátttöku fyrir næstu
önn. Þá er ætlunin að koma upp-
lýsingum til almennings um fil-
ippseyska menningu, arfleifð, og
tungumál með því að hafa þjóð-
búningasýningu, danssýningu
auk fleiri atriða.



Gerðubergskonur þrónuðu jólakúlur á jólatré félagsstarfsins í Gerðubergi en tréð er gjöf frá Garðheim-
um. Á myndinni eru Margrét Margeirsdóttir og Guðrún Jónsdóttir að afhenda jólakúlurnar sem Gerðu-
bergskonur þrónuðu á dögnum. Jólatréð með kúlunum verður í Garðheimum fram að aðventu en verð-
ur þá flutt í félagsstarfið Gerðubergi. Á myndinni er einnig Sigurrrós Kristinsdóttir frá Garðheimum, sem
tók á móti konunum og afhenti tréð Gerðubergi til eignar.

*Gefðu jólagjöf sem
allir vilja fá.....*

Handa þeim sem þér
þykir vænt um.

Gjafakort frá Fætur og fegurð, gjöf
sem gleður alla, mömmur, pabba,
afa, ömmur, kærustur, kærasta, vini
og vinkonur.



Óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

F Fætur & fegurð
HÓLAGARÐI • LÓUHÓLUM 2-4 • SÍMI 557 5959

*Þú færð jólagjöfina
hennar hjá okkur*

Full búð af spennandi kvenfatnaði

Fyrir konur á öllum aldri

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

www.breidholt.is

Gleðilega hátíð

Landsbankinn í Mjódd landsbankinn.is 410 4000

Lýsandi ljós

Aðventan er gengin í garð. Ljósaskreytingar prýða heimilin og jólatónlist ómar í útvarpinu. Orðið "aðventa" þýðir "koma" og aðventan bendir á komu Jesú, hvernig Guð sjálfur nálgast okkur manneskjurnar á einstakan hátt í syni sínum Jesú Kristi. Í Biblíunni er Jesú lýst sem ljósi sem kom í heiminn. Jesús sagði: "Ég er ljós heimsins, sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins". Aðventukransinn er eitt af augljósustu merkjum þess að aðventan er gengin í garð. Logandi kertin merkja komu Krists, á komu ljóssins, sem aldrei slokknar. Ljósið sem getur tekið sér bústað í lífi okkar, í hjörtum okkar og lýst upp tilveru okkar. Með því að gleðja okkur, blessa, uppörva, styrkja, hugga og leiðbeina.

Til er stutt saga um kertin fjögur á aðventukransinum. Það var búið að kveikja á öllum fjórum kertunum á aðventukransinum. Í kringum þau ríkti þögn. Ef einhver hefði verið nálægur þá hefði hann heyrt kertin tala saman. Fyrsta kertið andvarpaði og sagði: „Ég heiti Friður. Ljós mitt lýsir en fólkið býr samt ekki í friði hvert við annað. Því er alveg sama um mig" Ljósið á fyrsta kertinu dofnaði þangað til það slokknaði alveg. Ljósið á öðru kertinu flókti og sagði: „Ég heiti Trú. En ég virðist vera algjör óþarfi. Fólkinu er alveg sama um Guð, það vill ekkert með trúna hafa. Það virðist engan tilgang hafa að ljós sé á mér.“ Krafturinn í kertinu sem nefndi sig trú var þrotinn. Lítill trekkur dugði til að ljósið á því slokknæði. Með lágrí, dapurri röddu tók þriðja kertið til máls: „Ég heiti Kærleikur. En ég hef enga orku til þess að láta ljós mitt skína. Fólkið er búið að ýta mér til hliðar. Það sér bara sig sjálft og ekki náungann sem þarf á kærleikanum að halda.“ Að þessum orðum mæltum slokknæði á þriðja kertinu. Lítið barn kom inn í herbergið þar sem aðventukransinn stóð á borðinu. Með tårin í augunum sagði það: „Mér finnst ekki gaman þegar þið lýsið ekki“ Þá svaraði fjórða kertið: „Ekki vera hrætt, kæra barn. Meðan ljós er á mér getum við kveikt á hinum kertunum. Ég

heiti Von.“ Það var gleðisvipur á andliti barnsins þegar það notaði ljósið af vonarkertinu til þess að kveikja á kærleikskertinu, trúarkertinu og friðarkertinu. Að því loknu sagði barnið eins og við sjálfst sig: „Nú geta jólin komið í alvöru.“

Jólin benda á ljós heimsins, ljósið sem gefur líf, ljósið sem gefur birtu og yl, ljósið sem stendur allt myrkur af sér og lætur ekkert ógna sér. Ljós sem lýs-

ir, sama á hverju gengur og ekkert fær því grandað. Það slokknar ekki á því ljósi og þó okkur finnst við vart sjá nema litla týru eða skímu, þá megum við treysta því að ljósið er á sínum stað og hopar hvergi. Ljósið gefur von inn í allar kringumstæður. Ljósið sem skín í myrkrinu er Jesús Kristur, ljósið frá Guði sem er ætlað okkur öllum. Guð hefur gefið okkur ljósið til að lýsa í hjörtum okkar, hið innra með okkur, óháð því hvernig aðstæður okkar eru eða



fögnuður helgrar hátíðar fylgja ykkur á nýju ári.

Starfsfólk Fella- og Hóla­kirkju þakkar ykkur samfylgdina og allar góðu samverustundirnar í Fella- og Hóla­kirkju á árinu sem er að líða. Verið innilega velkom­in í kirkjuna okkar yfir hátíðarnar og á nýju ári.

Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni í Fella- og Hóla­kirkju.

hvernig tilfinningar okkar eru.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni friðsæla aðventu og gleðileg jól. Megi gleði, friður og

Heilsulindir í Reykjavík

Gefðu sundkort í jólagjöf

Fullorðnir	
6 mán. kort	15.000
Árskort	28.000
Börn	
6 mán. kort	6.000
Árskort	10.000



Afgreiðslutími sundstaða um jól og áramót 2012-2013

	Þorláksmessa	Aðfangadagur	Jóladagur	Annar í jólum	Gamlársdagur	Nýársdagur
	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Árbæjarlaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	12.00-18.00	08.00-12.30	Lokað
Breiðholtslaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Grafarvogslaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Klébergslaug	11.00-15.00	10.00-12.30	Lokað	Lokað	10.00-12.30	Lokað
Laugardalslaug	08.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	12.00-18.00	08.00-12.30	12.00-18.00
Sundhöllin	10.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Vesturbæjarlaug	09.00-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma*



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára alþyrð

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

552-2440

TAXI

Borgarbilastöðin ehf.

20% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu

Frú Sigurlaug og Linda kjóla-klæðskeri fluttu í Þönglabakkann



Frú Sigurlaug og Linda kjóla-klæðskeri tóku sig upp og fluttu um set í Mjóddinni fyrir nokkru. Full þröngt var orðið um þær í gamla húsnæðinu í Álfabakka 12. Þær fluttu sig í rúmgott og hjart

húsnæði að Þönglabakka 6 og eru hæstánægðar í nýja húsnæðinu. Nú bjóða þær viðskiptavinum velkomna í nýja húsnæðinu þar sem finna má nýjar fallegar vörur í miklu úrvali og að sjálfsögðu sömu gömlu og góðu þjónustuna.

Fjallsýnir og tákn um mannlega tilurð

Nú stendur yfir í anddyri Norræna hússins sýning á verkum Þóreyjar Eyþórsdóttur. Þórey hefur stundað myndlist um áratuga skeið og haldið fjölmargar sýningar heima og erlendis auk þátttöku í sam-sýningum. Þórey sækir á margvísleg mið í listsköpun sinni og beitir blandaðri tækni við úrvinnslu hugmynda sinna. Einkum vinnur hún í vef eða notar einnig vatnsliti og síðast en ekki síst þá blönduðu tækni sem hún hefur verið að þróa á undanfórnum árum.

Sýningin í Norræna húsinu stendur saman af tveimur þáttum myndsköpunar Þóreyjar. Annars vegar veflistinni þar sem af vefstól hennar og höndum hafa vaxið litlar landslagsmyndir er eiga upp-tök í fjallasýn. Áður hafði hún sýnt sum þeirra mótiva unna með vatnslitum en með þræðinum og skyttunni hefur hún náð að skapa meiri dýpt í verk-in. Skerpa fjallasýnina og láta vindana leika um bungur og hnjúka. Þórey hefur verið búsett í Noregi öðru hvoru og segir að þegar hún dvelji í hinu skógum skryðda umhverfi leiti móðurlandið á hugann. Fjöllin og berangrið. Andstaðan við hið allt umliggjandi græna sem kemur fram í vefmyndunum sem hún sýnir nú.

Hinn hluti sýningarinnar byggir á stærri myndum gerðum með blandaðri tækni þar sem einkum er notast við efni sem eiga uppruna úr náttúr-unni. Pappír, skinn, liti og annað sem til fellur. Innstu rætur þeirra mynda eiga sér upp-tök í hinum eilífu spurningum mannsandans. Hvaðan komum



Þórey Eyþórsdóttir við verk sitt „Sperm og egg“ þar sem hún nota klippitæknina til að tákna upphaf manneskjunnar.

við. Hver erum við. Hvert för-um við. Hún beitir jafnan hefð-bundnum aðferðum klippitækninnar við myndbygginguna. Leiðir saman ólík efni og gefur táknmyndunum líf. Þórey hefur starfað sem talmeinafræðingur til margra ára og unnið með fólki sem hefur skaðast á mál-færum til að öðlast tjáningarfærni á ný. Í sumum táknmynda hennar má greina áhrif frá því vandasama verki að færa fólki málhæfni með sífelldri endurtekningu og þjálfun. Hinar eilífu spurningar eru á reiki þegar unnið er á því sviði og þá er leitað í smíðju táknfræðinnar til þess að búa til myndir sem lýsa hugarferlinu. Kaffibolli eða léttur lunch, ferð á bókasafnið og sýningu Þóreyjar í anddyri Norræna hússins er góð hádegislíf-un á annasamri aðventunni.

Unglingabók úr Breiðholti

Að breytast úr barni í ungmanni í fjölskyldu sem lifir í ströngu trúarsamfélagi er viðfangsefni Önnu Heiðu Pálsdóttur bókmennafræðings í nýútkomni unglingabók hennar sem ber heitið „Mitt eigin harmagedón“.. Bókin fjallar annars vegar um þetta þroskaskeið manneskjunnar en hins vegar um árekstra sem geta orðið þegar framvinda mannsþroskans rekst á þröngt túlkaðar trúarskoðanir þar sem lítill frávik frá bókstafnum eru liðin. Sögusvið bókarinnar er eins nálægt hinu daglega lífi og hugsast getur. Bakka-hverfið og að hluta Hóla- og Seljahverfið í Breiðholti. Söguhetjan býr í blokk í Bökkunum og gengur í Breiðholtsskóla, syndir í Breiðholtslaug og á tengsl við fjölskyldu sem býr í Seljahverfi og er hluti af sama trúfélagi. Þetta er áhugavert viðfangsefni en hvað kom Önnu Heiðu sem sjálf býr í Bökkunum í Breiðholti til að velja þetta sem söguefni í unglingabók. Anna Heiða spjallar um bókina við Breiðholtsblaðið.

„Upphafið má rekja til þess að kvöld nokkurt skömmu fyrir jól var ég stödd fyrir utan eina blokkina í Bökkunum. Fólk var búið að setja jólaljós í gluggana og skreyta hjá sér í tilefni jólanna. Í einni íbúðinni voru engin jólasljós og engar skreytingar sjáanlegar. Ég fór að hugsa um að þar byggi fólk sem héldi engin jól og kannski mætti ekki nefna jólahátíðina í þessari fjölskyldu. Ég fór að velta fyrir mér hverjir héldu ekki jól og þá komu Vottar Jehóva fljótt í hugann. Þeir halda ekki jól og eru auk þess nokkuð fastir á kenningu sinni og sannfæringu og leyfa fáar undantekningar. Þarna varð kveikjan að þessar skáldsögu sem ég skrifaði fyrir unglinga og reyndar einnig fyrir fullorðna þótt sögupersónurnar séu á æskuárum. Ég valdi Jehóvana þegar að því kom að finna trúfélag þar sem líf manneskjunnar er mjög skorðað af kenningum. Dagbjört söguhetjan mín er alin upp í samfélagi Votta Jehóva og þegar hún kemst á unglingarárin fara ströng áhrif uppelldisins að takast á við daglegan veruleik í lífi unglingsins. Sumarið sem hún verður 16 ára fær hún sumarvinnu í leikskóla og um svipað leyti kynnist hún nýjum vinum og ástin fer að gera vart við sig þegar hún kynnist strák. Hvorugt fellur vel að hinu stranga uppeldi sem hún hefur fengið þar sem fólk innan safnaðarins hefur mest samneyti innan ákveðins samfélags Jehóvannna og rík áhersla er á að fólk finni sér maka innana sama samfélags. Þarna fara hlutirnir að rekast hvor á annan,“ segir Anna Heiða.

Átök við strangtrúaðan föður

Anna Heiða er bókmennafræðingur og fjallar doktorsritgerð hennar á því sviði um barna- og unglingabækur. Því mátti heita eðlilegt að hún veldi sér þennan stað bókmenntanna og svið sem hún hefur kannað til hlítar þegar hún sjálf ákvað að skrifa bók. Við undirbúninga að gerð sögunnar lagðist hún í rannsóknarvinnu og fór að skoða sögu Jehóvanna og kynna sér rit þeirra. „Ég áttaði mig á að ýmsir rugluðu Mormónum og Jehóvum saman en þar er um gerólíka kennisiði að ræða og engin tengsl þar á milli.“ Hún segir margt með öðru sniði hjá Vottum Jehóva en þeim sem ekki tilheyri því samfélagi og komi margt af því fram í bókinni einkum í samskiptum Dagbjartar við föður sinn strangtrúaðan Jehóva. „Dagbjörtu langar til dæmis að fara í læknisnám þegar framhaldsskólanum lýkur. Hún hefur mikinn áhuga og horfir á „Grey's Anatomy“ á laun. Þetta stangast algerlega á við hugmyndir Jehóvanna sem byggjast á því að hafa alls engan metnað til langtímahluta og er langskólanám og einnig velgengi á viðskiptasviði hluti af því. Ríki Jehóvanna er þúsund ára ríkið sem allt miðast við og því á alls ekki að berjast til metorða í þessu lífi. Faðir hennar er mjög andvígur öllum hugmyndum um langskólanám barna sinna vegna þess að það stangast á við trúna.“

Andlát móðurinnar

Anna Heiða dregur í bókinni fram ýmsar hugmyndir Jehóvanna og hvernig þær stangast á við daglegt líf þorra fólks. Dæmi um það er þegar faðir hennar fer á



Anna Heiða Pálsdóttir bókmennafræðingur og rithöfundur.

fund skólustjórans í Breiðholtsskóla til þess að ræða um jólin og tilkynna að hann vilji ekki að heiðni eins og hann kallar kristindóminn sé haldið að börnum sínum og tekur með því áhættu á að kalla einelti yfir þau. „Dagbjört reynir þrátt fyrir þessar aðstæður að lifa eins venjulegu lífi og hún getur. Hún á vinkonu í Austurbergi, fer í sund í Breiðholtslauginni en fer einnig með föður sínum á samkomur trúfélagsins sem eru haldnar í heimahúsi í Seljahverfi. Trúin grípur allsstaðar inn í hið veraldlega líf og margir unglingar vilja ekki vingast við Dagbjörtu af ótta við átroðning þar sem ein af skyldum Jehóvanna er að útbreiða trúna. Fólk óttast að fá ágengan föður hennar á dyrabrepin til þess að afhenda bæklinga og vilja ræða við fólk um Biblíuna og trúna.“ Einnig koma fram í bókinni leyndarmál úr fortíðinni þar sem um dauða móður hennar er að ræða. Eitt af boðum Jehóvanna er að fólk má ekki fá blöðgjafir eða neitt sem kemur af blóði og lést móðir hennar löngu fyrir aldur fram vegna þess að trúin tók fram fyrir hendur læknisfræðinnar. Svo lendir einn vinur hennar á spítala og má heldur ekki fá blöð.

Spurningar fara að vakna

Eitt af vandamálum Dagbjartar er að hún má ekki lesa neitt um aðra trú eða kynnast öðrum trúfélögum á neinn hátt. „Í sumarvinnu sem hún fær við leikskóla kynnist hún hins vegar börnum foreldra sem búa við allt annað trúarlegt umhverfi og þá fara að vakna ýmsar spurningar hjá henni. Þar kynnist hún allt öðrum viðhorfum en þeim sem hún hefur heiman að frá sér. Krakkarnir sem hún kynnist spyrja venjulegra spurninga og leita svara en fá þau ekki gefin fyrirfram úr trúarritum. Meðal annars spurninga um guð.“ Anna Heiða segir að eftir að hún fór að rannsaka barnabækur, bæði íslenskar en einnig enskar hafi hún komist að því að margir virðist veigra sér við að taka á dýpri vandamálum sem unglingar geti þurft að fást við. Þeir hræðist að taka erfiðari viðfangsefni fyrir. „Ég hugsaði mikið um þetta á meðan ég var að skrifa bókina og var lengi í vafa um hvort ég ætti að taka þetta efni fyrir og vinna úr því. Hvort að ég væri að ráðast að trúfélögum. Ég tel mig ekki gera það heldur að bera saman líf og aðstæður þar sem mismunandi trúarleg menning er fyrir hendi. Í mínum huga er bókin ekki bein gagnrýni á Jehóva eða önnur trúfélög heldur er verið að fjalla um spurninguna um gagnrýna hugsun og hvernig ungmanni bregðast við á þeim tímamótum þegar hún ber að garði. Þetta færði ég inn í búning unglingsögu.“





DÚN & FIÐUR

Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Dún & Fiður ehf
Laugavegur 86
101 Reykjavík
Sími 511 2004
<http://dunogfidur.is>

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298

Við bjóðum Reykvíkingum afnot af Grænu tunnunni frítt í tvo mánuði



990 kr. á
mánuði

Græna tunnan er fyrir
endurvinnanlegt hráefni
eins og dagblöð og
tímarit, mjólkurfernur,
sléttan pappa,
bylgjupappa, málma,
plast og jólapappír

**Starfsfólk Íslenska
Gámafélagsins óskar
Reykvíkingum
grænna og gæfuríkra jóla**



**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**

www.gamur.is gamur@gamur.is

577-5757

Návígi á Norðurslóðum - ný bók um sjóhernaðinn í stríðinu

Út er komið hjá bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti nýtt stórvirki eftir Magnús Þór Hafsteinsson en á síðasta ári sendi hann frá sér bókina Dauðinn í Dumbshafi. Nýja bókin er sjálfstætt framhald hennar og ber heitið Návígi á norðurslóðum – Íshafsskipalestirnar og ófriðurinn 1942-1945. Þar er meðal annars sagt er frá herskipum Breta sem lágu á Pollinum við Akureyri á Þorláksmessukvöld árið 1943 en einmitt þar undirbjuggu Bretar hrikalegustu sjóorrustu sem háð hefur verið í norðurhöfum þegar þýska orrustuskipinu Scharnhorst var sökk't við Norðurhöfða í Barentshafi.

Miklar skipalestir fóru sem fyrr um hafsvæðin við Ísland. Rauði herinn fékk það sem til þurfti svo sigra mætti heri nasista. Austur-Evrópa féll í hendur Stalíns og félaga hans. Sovétríkin héldu velli. Siglingum Íshafsskipalestanna fylgdu hatrammar orrustur Bandamanna við herskip og kaþbáta Þjóðverja auk árása á Noreg. Stærstu herskipum Þjóðverja var að lokum eytt í einum mestu flotaáðgerðum sögunnar. Þjóðverjar brenndu niður byggðir Norður-Noregs og hröktu íbúana brott. Lega Íslands skipti



höfuðmáli í þessum ofsafengnu átökum þar sem allt var lagt undir í baráttu um flutningaleiðir og aðgengi að auðlindum. Valdahlutföll á norðurslóðum gerbreyttust. Kalda stríðið hófst. Návígi á norðurslóðum er sneisafull af upplýsingum um ótrúlega atburði sem gerðust í næsta nágrenni Íslands á mestu orlagatímum í sögu mannkyns en hafa ekki komið fram á íslensku fyrr en nú.

Klipp-Art í Hólagarði fær andlitslyftingu

Nú eru um 40 ár síðan hársnyrtistofan var opnuð í Hólagarði. Segja má að upphaf hennar hafi verið í heimahúsi í Hólahverfinu, í Dúfnahólum þar sem Guðfinna Jóhannsdóttir Hoogland stofnandi stofunnar sinnti hársnyrtistörfum í byrjun og var ein af fyrstu rekstraraðilunum sem fluttu í Hólagarð. Þegar fjölskylda hennar stækkaði flutti hún vinnustofuna út úr íbúðinni hjá sér og veðjaði þá á Hólagarð sem framtíðar stað fyrir hársnyrti stofu eða hárgreiðslustofu eins og þær voru kallaðar á sínum tíma. Þegar hún flutti úr hverfinu tók Birna Sigfúsdóttir við rekstri hársnyrtistofunnar og rak hana í um fimm ár en þá tók Svea Soffía Sigurgeirsdóttir hársnyrtir við og er búin að reka hana undir nafninu Ýr í 15 ár og heldur upp á þau tímamót þessa dagana. Vegna þeirra tímamóta hefur stofan verið betrubætt á ýmsan hátt. Búið að taka hana alla í gegn að innan og nafni hennar breytt í Klipp-Art.

Eigendum stofunnar hefur líka fjölgað því í Mars á þessu ári komu inn í reksturinn þær Rannveig Inga Þórarinsdóttir og Selma Hafsteinsdóttir sem báðar lærðu hjá Sveu hárgreiðslumeistara. Rannveig var fyrsti hárgreiðsluneminn sem Svea útskrifaði árið 1997 og hefur starfað hjá henni síðan. Selma er einnig förðunarmeisteri sem lærði förðun á Íslandi 2007 og tók síðan master í einum virtasta förðunarskólanum í New York á árunum 2010 til 2011 en hún starfar einnig að hluta til í Borgarleikhúsinu sem hár og förðunarfræðingur. Þá má geta þess að Hildur Karen Einarsdóttir er hárgreiðslunemi hjá þeim í dag.

„Í dag bjóðum við uppá alla almenna hársnyrtipjónustu ásamt förðun og erum einnig með mjög



Klipp-Art stelpurnar þær Rannveig Inga, Selma, Svea Soffía og Hildur Karen í hinni endurhönnuðu hárgreiðslustofu í Hólagarði.

fjölbreytt úrval af hársnyrtivörum. Við erum að selja förðunarvörur frá NN cosmetics og erum með opnunartíma frá 10 til 18 en 10 til 20 alla fimmtudaga og á laugardögum frá 10 til 14. Við erum líka alltaf með 15% afslátt fyrir eldri borgara alla virka morgna frá 10 til 12 af allri þjónustu,“ segir Svea í samtali við Breiðholtsblaðið. Eitt af verkefnum Klipp-Art er námskeiðshald og er nú boðið uppá ýmis námskeið reglulega. Eitt af þeim er fléttunámskeið sem slegið hefur rækilega í gegn. Um námskeiðin ná fræðast frekar í heimssíðu stofunnar sem er www.klipp-art.is/. Svea segir að stofan eigi sér mjög breiðan hóp viðskiptavina sem koma bæði úr nágrenninu en einnig víðar að. Þótt við höfum átt góðan og fastan hóp viðskiptavina þá er stöðugt að bætast í hann. Viðskiptavinirnir eru oft fastheldnir þegar kemur að hár-

snyrtingu. Þeir velja sér stofu og svo myndast tengsl sem halda. Ég held að þetta sé eins og í mörgu öðru. Þetta er hluti af tilveru Hólagarðs,“ segir Svea. „Starfsemi þar sem eitt dregur fólk að öðru.“

Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.

Íslenskt handverk
Fæst um land allt

Stuðningur til sjálfstæðis

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Gleðilega hátíð

Starfsfólk Gerðubergssafns þakkar gestum sínum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða, með ósk um gleðiríka hátíð og farsæld á komandi ári.

Afgreiðslutími yfir hátíðirnar í söfnum Borgarbókasafns

- 24. desember**
Lokað í öllum söfnum
- 25. - 26. desember**
Lokað í öllum söfnum
- 27. desember**
Öll söfn opin nema Ársafn
- 28. - 30. desember**
Opið í öllum söfnum
- 31. desember**
Opið í aðalsafni kl. 10-14, önnur söfn lokað
- 1. janúar**
Lokað í öllum söfnum
- 2. janúar**
Opið í aðalsafni, Ársafni og Kringlusafni, önnur söfn lokað.

www.borgarbokasafn.is - www.bokmenntir.is - www.bokvit.tumblr.com - www.artotek.is

Um 170 nemendur útskrifast frá FB 21. desember nk.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) býður fjölbreytt, framsækið og skapandi nám á verknámsbrautum, listnámsbrautum og bóknámsbrautum framhaldsskóla. Nemendur eru búnir undir áframhaldandi nám, krefjandi störf og virka þátttöku í nútímaþjóðfélagi sem vísýsnir, ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er framsækinn og í fararbroddi framhaldsskóla. Áhersla er lögð á verknám, listnám og bóknám sem kennt er í dagskóla, kvöldskóla og sumarskóla. Sveigjanleiki til náms er mikill. Nemendum líður vel í skóla þar sem ríkir festa, agi og sköpunarkraftur. Jákvæðni og gleði eru höfð að

leiðarljósi. Fjölbreytileiki skólans gefur hverjum og einum færi á að nýta styrk sinn og hæfileika.

Hefðir eru ræktaðar og hafðar í heiðri í FB. Það á einnig við um „dimission“ nemenda skólans sem eru að útskrifast, en áður en próflestur hefst er nauðsynlegt að rækta mannlífið og skemmta sér í einn dag. Það gerðu nemendur ósvikið, fóru m.a. niður í miðborgina og gáfu mannlíf-inu þar skemmtilegan og hressan blæ. Nú á haustönn útskrifast 170 nemendur frá brautum skólans þann 21. desember nk. í Háskólabíói. Í FB eru í dag 1.480 nemendur í dagskóla og 630 nemendur í kvöldskóla, svo FB er ekki aðeins framsækinn og metnaðarfullur skóli, heldur



Nemendur FB að dimittera á Lækjartorgi fyrir skömmu. Svo tók alvaran og próflestur við og síðan gleði á útskriftardaginn, 21. desember þegar sólargangur er hvað stystur á Íslandi.

líka einn af stærstu framhaldsskólum á landinu. Umhverfisvitund starfsmanna og nemenda er sterk og er skólinn handhafi græn fána Landverndar.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is

LITLA DÓTABÚÐIN Nýtt kortatímabil 6. Desember

Göngugötunni í Mjódd

JÓLABÓNUS FRÁ LITLU DÓTABÚÐINNI
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRAM AD JÓLUM

Mikið úrval leikfanga á góðum verðum

Litli kaupmaðurinn breytir til Útsala FYRIR jól kemur fólki betur

NÝTT!! Bolir sem blikka í takt við tónlist

Dömu - Herra - Barna

Úr og gjafaöskjur á grin verði

Kvenmannstöskur á slám fyrir utan verslun á fáránlegu verði 1990-4990,-

LITLA DÓTABÚÐIN
Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)
Sími: ☎ 571 9559

-20%

LÁTUM
FRÍÐARLJÓSIÐ
LÝSA UPP AÐVENTUNA

Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

Hjálparstarf kirkjunnar

www.breidholt.is

SNYRTISTOFAN
XANADÚ
Eddufelli 2 111 Reykjavík

S: 5 77 - 21 21

Xanadú óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að liða

Gjafabréf frá Xanadú er tilvalið í jólapakkann
Opíð frá 10-18 alla virka daga og 10-14 laugardaga

Leiknissigur í minningarleik

Árlegur minningarleikur Leiknis við nágrannana í ÍR var háður í lok nóvember og fór hann fram á á gervigrasinu í Neðra Breiðholti. Leikið var til minningar um Hlyn Þór Sigurðsson sem féll frá árið 2007 á æfingu með 2. flokk félagsins. Markaði þessi leikur ákveðin tímamót hjá Leiknisliðinu en um var að ræða fyrsta leik Leiknisliðsins síðan Freyr Alexandersson og Davíð Snorri Jónasson tóku við þjálfarastöðu Leiknis. Freyr var að vísu fjarri góðu gamni í leiknum en hann er staddur í Noregi um þessar mundir svo Davíð Snorri var einn í brúnni.

Leiknisliðið hélt meira boltanum í fyrri hálfleiknum og skapaði sér urmul færa sem ekki nýttust nægilega vel. Eina mark hálfleiksins kom eftir langa sendingu upp

miðjuna frá Agli Atla sem hleypti Óla Hrnannari einum í gegnum og kláraði hann færið. Í síðari hálfleik spilaði liðið beinskeyttari bolta á kostnað þess að halda boltanum eins vel innan liðsins samanber fyrri hálfleikinn. Þrjú mörk litu hinsvegar dagsins ljós og það fyrsta skoraði Óli Hrnannar eftir að hafa fengið boltann inni teig þar sem hann sýndi mikla yfirvegum og klókinni er hann setti boltann laglega yfir aðvífandi markvörð heimamanna. Þriðja mark leiksins skoraði Pétur Már Harðarson með virkilega góðu skoti eftir lausan bolta úr teig ÍR-liðsins. Fjórða og síðasta mark Leiknis fullkomnaði svo þrennu Óla Hrnannar en þá átti Hrnannar Jóns mjög góða fyrirgjöf frá vinstri í fyrsta sem rataði beint á þönnuna á Óla sem gerði vel og í netinu endaði boltinn.

Leiknir vann Tindastól 6 – 0 í æfingaleik

Leiknismenn sigruðu Tindastól í æfingaleik 6 - 0 laugardaginn í Egilshöll 1. desember sl. Leikurinn var lengstum einstefna að marki Tindastóls en í þeirra lið vantaði 3 til 4 leikmenn.

Þeir koma eflaust til með að styrkja lið sitt með 3 til 4 erlend-

um leikmönnum sem breyta svo ennfremur ásýnd liðsins. Leiknismenn skoruðu tvö í fyrrihálfleik en hefðu átt að skora 5 - 6 mörk. En þrátt fyrir að yfirburðir okkar mann hafi verið talsvert minni í síðari hálfleiknum gekk betur að skora.

Eygló og Birkir Snær á EM25 í Frakklandi

Ægiringar áttu tvo keppendur á Evrópumeistaramóti í 25 m laug sem fram fór dagana 22. til 25. nóvember en það eru þau Eygló Ósk Gústafsdóttir og Birkir Snær Helgason en alls fóru sjö sundmenn frá Íslandi.

Anton Sveinn McKee hafði einnig náð lágmörkum á EM25, en kaus að vera heima vegna nýlegra meiðsla. Þjálfari Ægis og landsliðsþjálfari Jacky Pellerin var einnig með í för ásamt Klaus þjálfara SH. Tveir íslenskir

dómarar þau Svanhvít Jóhannsdóttir og Haraldur Hreggviðsson störfuðu við dómgaeslu á EM25. Eygló Ósk Gústafsdóttir komst í undanúrslit í 100 metra baksundi. Eygló varð í 15. sæti af 41 keppanda. Hún synti á tímanum 59,87 sekúndum en Íslandsmet hennar í greininni er 59,75 sekúndur. Sundfólk Ægis tók þátt í Unglingamóti Fjölnis 1. til 2. desember s.l. margir voru að bæta árangur sinn og vinna til verðlauna. Til hamingju Ægiringar!

28 verðlaun á ÍM 25



Ægiringar tóku þátt í Íslandsmeistaramóti í sundi sem fór fram í 25 metra laug eða ÍM25 í Ásvallalaug Hafnarfirði 16. til 18. nóvember sl.

Sterkasta sundfólk landsins tók þátt í móti. Sundfélagið Ægir vann til 28 verðlauna á ÍM25, þar af 13 gull-, 11 silfur- og 4 bronsverðlauna. Anton Sveinn McKee var sigursæll á móti, en hann vann til 8 gullverðlauna.



Ungir Ægiringar á palli.

Eygló Ósk og Anton Sveinn sundfólk ársins

Uppskeruhátíð Sundsambands Íslands var haldin eftir vel heppnað ÍM 25 þar sem sundárið 2011 til 2012 var gert upp. Þar var glæsilegt hlaðborð og happadrætti auk þess sem veittar voru viðurkenningar fyrir helstu afrek á sundárinu.

Þar voru Ægiringarnir Anton Sveinn McKee og Eygló Ósk Gústafsdóttir tíðir gestir á sviðinu. En þau hlutu bæði viðurkenningu fyrir besta afrek unnið á ÍM25. Anton Sveinn fyrir 1500 m skriðsund karla og Eygló Ósk fyrir 200 m baksund kvenna en það voru stigahæstu sundin á ÍM25. Þau hlutu einnig viðurkenningu og titilinn annað árið í röð, sundmaður og sundkona ársins fyrir sundárið 2011 til 2012. Þá hlutu þau silfurmerki SSÍ fyrir þátttöku sína á Ólympíuleikunum 2012.

Það var einnig kosinn afreksþjálfari ársins 2012 og þann titil hlaut yfirþjálfari Ægis Jacky



Eygló Ósk Gústafsdóttir og Anton Sveinn McKee voru tíðir gestir á sviðinu á uppskeruhátíð Sundsambands Íslands.

Pellerin, en Antoni hjá ÍRB var valinn unglingaþjálfari ársins. Sundfélagið Ægir óskar þeim hjartanlega til hamingju með

árangurinn og viðurkenningarnar, og erum mjög stolt yfir frábærri frammistöðu okkar magnaða sundfólks.

ÍR- og Leiknisvörur jólapakkann!

Enskar fótboltavörur í úrvali

ZOON-úlpur í barna- og fullorðinsstærðum

Leikföng í úrvali



Gönguskór

Ítalskir gæða gönguskór á frábæru verði kr. **13.998.-** Stærðir frá 36-46. Herra- og dömuskór

Leiksport
Sími 5575020 **Hólagarði**

VEIDIKORTIÐ 2013

Eitt kort
35 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is

Ellidavatn komið á kortið!

17. silfurleikar ÍR

Frjálsíþróttadeild ÍR hélt í dag sína árlegu Silfurleika ÍR í flokkum 17 ára og yngri í Laugardalshöllinni. Mótið er nefnt Silfurleikar til að minnast stórkostlegs afreks ÍR-ingsins Vilhjálms Einarssonar sem vann til silfurverðlauna í þristökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu árið 1956.

Því var vel við hæfi glæsilegur árangur Fannars Inga Rafnssonar frá Þór í Þorlákshöfn sem stökk 12,64 m í þristökki í flokki 14 ára pílta og spurning hvort að þar sé kominn arftaki Vilhjálms eins og þulur mótsins hinn reynslumikli Þráinn Hafsteinsson komst að orði við verðlaunaafhendinguna. Þórdís Eva Steinarsdóttir FH átti góðan dag og sigraði í fjölda greina og setti Íslandsmet í 60 m grindahlaupi og 600 m hlaupi í sínum aldursflokki, 12 ára stúlkur. Reynir Zoega Geirsson Breiðabliki setti Íslandsmet í kúluvarpi 13 ára pílta. Aníta Hinriksdóttir átti enn eitt frábært hlaup í 800 m 2:05.94 mín.

Silfurleikar ÍR er opið frjálsíþróttamót sem hefur átt miklum vinsældum að fagna undanfarin ár en keppt er í hefðbundnum frjálsíþróttagreinum frá 11 ára aldri og upp í 17 ára flokkinn. Hins vegar hafa 10 ára og yngri tekið þátt í hinni sívinsælu þrautabrot en hún gengur út á mismunandi þrautir sem tengjast



Frá silfurleikum ÍR í laugardalshöllinni.

ast keppnisgreinum frjálsíþróttar. Þrautirnar reyna á ýmskonar þætti og hæfileika en markmiðið er að börnin skemmti sér vel og vinni saman sem lið. Keppendur þar voru 280 talsins í yfir 20 liðum en einn liðsstjóri fylgdi hverju þeirra þannig að þar taka foreldrar jafnan þátt í íþróttaiðkun barna sinna en metfjöldi áhorfenda var mættur til að fylgjast með keppinni.

Heildarfjöldi keppenda sló nýtt met þegar 666 íþróttamenn frá 22 félögum mættu ásamt fjölda þjálfara, foreldra og yngri systkina. 180 keppendur kepptu undir

merkjum ÍR. Í heildina var fjölgunin milli ára, 110 keppendur og 130 fleiri tóku þátt í þrautbrautinni. Margir fóru því ánægðir heim með sinn verðlaunapening, jafnvel verðlaunapeninga, en gleði og liðsandi er haft í hávegum á mótinu þó svo að keppnisandi og löngun í árangursbætingu hafi einnig sviðið yfir salnum enda gekk mótið betur nú er nokkru sinni fyrr enda um 100 starfsmenn úr röðum meistaraflokks frjálsíþróttamanna og foreldra að störfum. ÍR-ingar þakka öllum sem mættu í Laugardalshöllina í fyrir daginn.

Handbolti:

Hetjuleg barátta strákanna í 4. flokki

ÍR-strákarnir í 4. flokki E í 2. deild börðust hetjulegri baráttu gegn Þrótti sl. sunnudag þegar liðin mættust en mjög hávaxnir Þróttararnir voru þeim ofviða þegar upp var staðið.

En ÍR-ingar eiga hrós skilið fyrir hetjulega baráttu. Þeir eru í 6. sæti riðilsins, hafa unnið Fylki, Fram og Hauka en tapað fyrir Víkingi, HKR (sem er í efsta sætinu), KA og Þrótti.



Eitt marka ÍR-inga í uppsiglingu.

ÍR hafði betur gegn Akureyri

ÍR hafði betur gegn Akureyri 28 - 26 er liðin áttust við í Breiðholtinu nýverið í tíundu umferð N1-deildar karla í handknattleik. Staðan í hálfleik var 13 - 11 fyrir heimamenn. Eftir sigurinn er ÍR komið upp að hlið Akureyrar en bæði lið hafa ellufu stig í öðru til þriðja sæti deildarinnar. Haukar eru sem fyrr í efsta sætinu með sautján stig.

Bjarni Fritzson var markahæstur í liði Akureyrar og skoraði níu mörk, þar af tvö úr vítum. Guðmund-

ur Hólmar Helgason skoraði átta mörk, Bergvin Þór Gíslason fimm mörk, Geir Guðmundsson tvö mörk og þeir Heimir Örn Arnason og Hreinn Þór Hauksón sitthvort markið. Jovan Kukobat varði nítján skot í marki Akureyrar. Í liði ÍR var Sturla Ásgeirsson markahæstur með sjö mörk, þar af þrjú úr vítum, og þeir Ingimundur Ingimundarson og Sigurjón Friðbjörn Björnsson skoruðu fimm mörk hvor.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: hordur@irsida.is
Heimasíða: ir.is

Mikil þátttaka á Jólamóti Nettó og ÍR

Um 500 börn og foreldrar voru mætt á Jólamót Nettó og ÍR sem fram fór í Seljaskóla helgina 1. til 2. desember sl. Þarna skemmtu sér fólk á öllum aldri, leikmenn sem foreldrar og aðstandendur.

Það var ekki bara verið að spila frábæran körfubolta, heldur

var góða skapið allsráðandi. Mikill uppgangur er í körfuboltanum hjá ÍR samanborið við þátttökuna í fyrravetur.

Það voru mætt á Nettómótið 66 lið frá 11 félögum svo það virðist sem körfuboltinn sé víða í mikilli uppsveiflu, og er það auðvitað vel.



Leikgleðin spilaði stórt hlutverk, og er það auðvitað vel.

Heimasíða ÍR er www.ir.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Kennsla í sjálfsvörn

Nú í janúar hefst kennsla í sjálfsvörn í ÍR heimilinu Skógarseli 12. Leiðbeinandinn Björn H. Halldórsson (4. Dan) hefur lagt stund á sérstakar sjálfsvarnaræfingar frá árinu 1998 og æft og kennt júdó síðan 1974, meðal annars í Japan og Króatíu.

Kenndar verða áhrifaríkar aðferðir sem þurfa ekki mikinn kraft og henta því bæði konum

og körlum. Þessi námskeið hafa einnig verið kennd í íþróttahúsi Sjálandsskóla í Garðabæ. Kennnt verður á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 20-21. Hvert námskeið stendur í 2 mánuði. Áhugasamir hafi samband við Björn í síma 8963035 eða bjornjudoka@gmail.com. Mánudaginn 7. janúar 2013 hefst námskeiðið og skráning er á vef ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

A photograph of two children playing in a snowy forest. The child on the left is wearing a dark blue jacket with a red scarf and a red hat. The child on the right is wearing a purple jacket, a pink and white patterned hat, and a colorful scarf. They are both smiling and looking at each other. Snow is falling around them.

Gleðilega hátíð

Við óskum þér gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Starfsfólk Íslandsbanka í Þarabakka

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

The logo for Íslandsbanki, featuring a stylized red wave above the word "Íslandsbanki" in a serif font.

Íslandsbanki